



Íþróttabandalag Akraness

Stofnað 1946



Ársskýrsla 2013

70. ársþing - 10. apríl 2014



Laufey Sigurðardóttir,
ritari



Ellert Ingvarsson,
varaformaður



Sturlaugur Sturlaugsson,
formaður




Karl Þórðarson,
gjaldkeri



Sigríður Ragnarsdóttir,
meðstjórnandi



Hugí Harðarson,
varamaður



Jón Þór Þórðarson,
íþróttafulltrúi ÍA



Halldór Fr. Jónsson,
varamaður



Sveinbjörn Hlöðversson,
Knattspyrnufélagið
Kári



Kári Rafn Karlsson,
Kraftlyftingafélag
Akraness



Guðmundur Sigurðsson,
Keilufélag
Akraness



Birgitta R. Ásgeirsdóttir,
Badmintonfélag
Akraness



Hannibal Hauksson,
Körfuknattleiksfélag
Akraness



Eydís Línal
Finnbogadóttir,
Karatefélag Akraness



Þórður Emil Ólafsson,
Golfklúbburinn
Leynir



Anna Bjarnadóttir,
Ungmennafélagið
Skipaskagi



Stefán G. Ármannsson,
Hestamannafélagið
Dreyri



Trausti Gylfason,
Sundfélag
Akraness



Ingi Fannar Eiríksson,
Knattspyrnufélag
ÍA



Jóna B. Olsen,
Blakfélagið
Bresi



Hjörtur Hróðmarsson,
Fimleikafélag
Akraness



Sýlvía B. Kristinsdóttir,
Íþróttafélagið
Þjótur



Jón S. Ólason,
Skotfélag
Akraness



Jóhann Pétur Hilmarsson,
Vélhjólaiþróttafélag
Akraness



Örnólfur Þorleifsson,
Hnefaleikafélag
Akraness

Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA starfsárið 2013

Framkvæmdastjórn ÍA árið 2013 skipuðu:

Sturlaugur Sturlaugsson formaður

Ellert Ingvarsson varaformaður

Sigríður Ragnarsdóttir

Karl Þórðarson

Laufey Sigurðardóttir

Varamenn í stjórn

Halldór Fr. Jónsson

Hugi Harðarson

Formenn aðildarfélag ÍA árið 2013 voru:

Birgitta Rán Ásgeirsdóttir formaður Badmintonfélags ÍA

Jóna Björg Olsen formaður Blakfélagsins Bresa

Hjörtur Hróðmarsson formaður Fimleikafélags Akraness

Þórður Emil Ólafsson formaður Golfklúbbsins Leynis

Stefán G. Ármannsson, form. Hestamannafél.

Dreyra Örnólfur Þorleifsson formaður Hnefaleikafélags Akraness

Sylvía Kristindóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts

Eydís Líndal Finnbogadóttir form. Karatefélags Akraness

Guðmundur Sigurðsson formaður Keilufélags Akraness

Ingi Fannar Eiríksson formaður Knattspyrnufélags ÍA

Sveinbjörn Hlöðversson form. Knattspyrnufélagsins Kára

Kári Rafn Karlsson formaður Kraftlyftingafélags Akraness

Hannibal Hauksson form. Korfuknattleiksfélags Akraness

Anna Bjarnadóttir formaður Umf. Skipaskaga

Jón S. Ólason formaður Skotfélags Akraness

Trausti Gylfason formaður Sundfélags Akraness

Jóhann P. Hilmarsson form. Vélhjólaiþróttafél. Akraness

Íþróttarárið 2013

Það skiptust á skin og skúrir á íþróttarárinu 2013. Hestamaðurinn Jakob Svavar Sigurðsson náði frábærum árangri, varð Íslandsmeistari og var hársbreidd frá því að verða heimsmeistari. Valdís Þóra var nálægt því að verja Íslandsmeistaratitil sinn í golfi og Ágúst Júlíusson náði frábærum árangri í sundinu þar sem hann varð bæði Íslands- og bikarmeistari. Kvennasveit Leynis vann sig uppí 1. deild með glæsilegum sigri í 2. deild, karlasveit Leynis vann sig einnig upp um deild. Keilufélag Akranes varð Íslandsmeistari í opnum flokki karla og hjá Íþróttafélaginu Þjóti unnu Laufey María og Sigurði Smári Íslandsmeistaratitla í sínum greinum. Kraftlyftingakappinn Einar Örn Guðnason vann einnig Íslandsmeistaratitil á árinu. Það voru mikil vonbrigði að meistaraflokkur karla í knattspyrnu féll úr úrvalsdeildinni og það varð líka hlutskipti Kára að falla niður um deild. Aftur á móti náði kvennalið ÍA þeim frábæra árangri að vinna sig uppí úrvalsdeild. Konurnar hjá Blakfélaginu Bresa sigruðu 2. deildina á leiktíðinni og unnu sig þar með upp um deild. Korfuknattleikslið ÍA er að festa sig í sessi í 1. deildinni og var nálægt því að komast í úrslitakeppnina. Fimleikafólkið okkar er að ná glæsilegum árangri og er með iðkendur í landsliðsklassa, því miður hamlar aðstöðuleysið frekari framförum þar. Mikið er af ungum og efnilegum iðkendum hjá Badmintonfélaginu sem og Karatefélaginu. Hnefaleikafélagið stendur sig vel og er að gera áhugaverða hluti. Mikil gróska er einnig í starfi Vélhjólaiþróttafélagsins og nágrönnum þeirra í Skotfélaginu. Umf. Skipaskagi heldur svo utan um dansinn, mikið af sí ungum iðkendum þar.



Alls eru iðkendur ÍA rúmlega 2.300, æfingahóparnir um 95 og um 100 þjálfarar starfandi innan ÍA. Barna- og unglinga-starfið er öflugt þar sem rúmlega 70% barna á grunnskóla-aldrí eru þátttakendur í hreyfingunni.

Íþróttamaður ársins 2013 á Akranesi

Knapinn Jakob Svavar Sigurðsson var kjörinn Íþróttamaður Akraness fyrir árið 2013. Önnur í kjörinu varð Valdís Þóra Jónsdóttir úr Golfklúbbnum Leyni, í þriðja sæti varð sundkappinn Ágúst Júlíusson. Árangur Jakobs á árinu er mikill og breiður. Á Íslandsmótinu hestaíþróttum gerði hann sér lítið fyrir og vann fjórfalt með því að sigra í fimm-gangi, fjörgangi, slaktaumatölti og samanlagður sigurvegari. Á heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem haldið var í Berlín í sumar varð hann annar í slaktaumatölti og fimmti í fimmgangi á hesti sínum Al frá Lundum. Einnig urðu þeir þar í öðru sæti í samanlögðum fimmgangsgreinum. Í haust var Jakob valin Íþróttaknapi ársins 2013 á Íslandi. Valdís Þóra er margfaldur klúbbmeistari Golfklúbbsins Leynis og er í dag á meðal bestu kvennkylfinga landsins. Á Íslandsmótinu í högggleik hafnaði hún í 4. sæti eftir æsi-spennandi lokadag. Hún leiddi kvennasveit Leynis til sigurs í 2. deild í sveitakeppni GSÍ. Ágúst varð Íslandsmeistari í 50 metra flugsundi á Íslandsmeistaramótinu, einnig varð hann bikarmeistari í 50m og 100m flugsundi. Hann á nú 18 Akranesmet í öllum flokkum.

Eftirtaldir íþróttamenn hafa verið tilnefndir af sínum félögum í kjörið að þessu sinni:

Badmintonmaður ársins: Egill G. Guðlaugsson

Fimleikamaður ársins: Logi Örn Axel Ingvarsson

Fimleikakona ársins: Harpa Rós Bjarkadóttir

Hestaíþróttamaður ársins: Jakob Svavar Sigurðsson

Hnefaleikamaður ársins: Guðmundur Bjarni Björnsson

Íþróttamaður Þjóts: Laufey María Vilhelmsdóttir

Karatekona ársins: Hafðís Erla Helgadóttir

Kylfingur ársins: Valdís Þóra Jónsdóttir

Keilumaður ársins: Magnús Sigurjón Guðmundsson

Knattspyrnumaður ársins: Joakim Wrele

Knattspyrnukona ársins: Birta Stefánsdóttir

Knattspyrnumaður Kára: Almar Björn Viðarsson

Kraftlyftingamaður ársins: Einar Örn Guðnason

Körfuknattleiksmaður ársins: Hörður Kristján Nikulásson

Sundmaður ársins: Ágúst Júlíusson

Vélhjólaiþróttamaður ársins: Ernir Freyr Sigurðsson

Ríkharður Jónsson kjörinn heiðursfélagi ÍSÍ

Á setningarathöfn 71. íþróttabings ÍSÍ þann 22. apríl voru fjórir einstaklingar kjörnir heiðursfélagar í Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands en það voru þau Ríkharður Jónsson, Björg S. Blöndal, Logi Kristjánsson og Stefán Runólfsson. Það voru þeir Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ og Lárus Blöndal varaforseti sem veittu þeim viðurkenningar af þessu tilefni. Íþróttabingið var kraftmikið og starfasamt, samþykktar voru fjölmargar tillögur eru lúta að fjármálum hreyfingarinnar, skipulagi, lögum og innra starfi. Jón Þór Þórðarson íþróttafulltrúi ÍA var fulltrúi ÍA á þinginu.



Andlát: Ólafur E. Rafnsson, forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

Ólafur E. Rafnsson, forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands varð bráðkvaddur þann 19. júní, aðeins fimmtíu ára að aldri. Andlát hans er mikið áfall fyrir íslenska íþróttahreyfingu. Ólafur hafði sterka tengingu við Skagann og heiðraði okkur oft með nærveru sinni. Hann var kosinn formaður KKÍ á ársþingi sem haldið var á Akranesi árið 1996. Á þeim sjö árum sem Ólafur var forseti ÍSÍ sannaði hann sig sem sterkur leiðtogi með ákveðna sýn. Íþróttabandalag Akraness vottar fjölskyldu Ólafs sem og samstarfsfólki innan hreyfingarinnar sína dýpstu samúð.



Almenningsíþróttir og þrekstarfsemi ÍA

Íþróttabandalagið tók virkan þátt í ýmsum verkefnum sem miða að bættri heilsu og forvörnum. Íþróttabandalagið gerði átaksverkefnum ÍSÍ "Lífshlaupið" og "Hjólað í vinnuna" góð skil og hvatti sem flesta til að taka þátt. Skagamenn eru sífellt duglegri að nýta umhverfi bæjarins til að fara út að ganga, skokka, hjóla eða synda. Um miðjan maí stóð ÍA fyrir fyrirlestri um hjólafærni. Fjallað var almennt um hjólafærni, samgönguhjólreiðar, samvinnu í umferðinni, hjólaleiðir, aðbúnað fyrir hjól og fjölbreytni í samgöngum.

Um 50 göngugarpar tóku þátt í Jónsmessugöngunni sem farinn var mánudaginn 24. júní. Gönguveður var eins og best var á kosið og fóru allir þátttakendur alla leið á Háahnúk og nutu þar glæsilegs sólarlags. Að göngu lokinni var haldið í Jaðarsbakkalaug þar sem boðið var uppá



ávexti og góð stemming var í heitu pottunum, skemmtilegur endir á glæsilegu kvöldi. Alls tóku rúmlega 200 konur þátt í Kvinnahlaupi ÍSÍ á Akranesi sem fram fór 8. júní. Hlaupið var frá Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum og sá Rúna Björg Sigurðardóttir um upphitun fyrir hlaupið. Inga Elín Cryer íþróttamaður Akraness sá svo um að ræsa hlaupið. Hlaupin var um 3 km leið og endað uppí Skógrækt þar sem þátttakendur fengu verðlaunapening og boðið var uppá svalandi drykki og ávexti. Í fyrsta skipti var boðið upp á sérstakt hlaup frá Dvalarheimilinu

Prekstarfsemi ÍA er sífellt að verða öflugri og aðsókn í þreksalina eykst jafnt og þétt. Í þreksölunum voru 8 sjálfstætt starfandi einkaþjálfarar, þau. Anna Lilja Valsdóttir, Anna Sigríður Reynisdóttir, Dean Martin, Elsa Jóna Björnsdóttir, Heiðar Logi Sigtryggsson, Jóhann Pétur Hilmarsson, Kristín Halldórsdóttir og Rúna Björg Sigurðardóttir Einnig er í aðstöðu ÍA boðið uppá fjölbreytt hóptíma námskeið eins og td. BodyPump, Spinning, Zúmba, Metabolic, Pilates, þrek- og átaksnámskeið. ÍA þakkar þjálfurum, sem og öllu starfsfólki íþróttamannvirkjanna fyrir samstarfið á árinu 2013

KeyHabits námskeið í heilsulæsi og markmiðasetningu

Í júní og byrjun september stóð ÍA fyrir námskeiðum í heilsulæsi og markmiðasetningu undir stjórn Brynjars Karls Sigurðssonar frá Key Habits. Brynjar Karl er Skagamönnum að góðu kunnur og hefur náð frábærum árangri á sviði heilsuvitundar og þjálfunar. Námskeiðin eru einkum ætluð íþróttafólki, þjálfurum, foreldrum íþróttafólks, sem og öllum þeim sem vilja bæta sína heilsu og frammistöðu. Key Habits sérhæfir sig í heilsuefningu fyrir einstaklinga, félög og fyrirtæki. Mörg heimsþekkt íþróttafélög og afreksfólk er að nýta sér þjónustu Key Habits. Námskeiðin voru liður í samstafi ÍA og Key Habits, voru þau mjög vel sótt og stemmingin góð. Miklar vonir eru bundnar við þetta samstarf sem er í anda ÍA um heilbrigða sál í haustum líkama. Það felst m.a. í því að stuðla að heilbrigðum lífstíl. Efla færni í að ná settu marki í lífinu með áherslu á markmiðsetningu í eigin lífi. Hjálpa íþróttafólki að gera sitt eigið stöðumat, setja sér skýr markmið og hrinda þeim í framkvæmd.

Starfsvettvangur í íþróttum og siðareglur ÍA

Á 71. íþróttþingi ÍSÍ sem samþykkt var í apríl sl. var samþykkt að setja í lög að óheimilt sé að velja til starfa innan íþróttahreyfingarinnar einstaklinga sem vitað er til að hafi hafi hlotið refsíðma vegna kynferðisbrota, á bæði við sjálfboðaliða og launþega. Þetta kemur einnig fram í æskulýðslögum og þar er einnig tekið fram að óheimilt sé að ráða til starfa þá sem hlotið hafa refsíðm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum. Mikilvægt er að útfæra verklag sem tryggir sem best öryggi allra innan hreyfingarinnar og að við upplýsum formlega alla þá sem valdir eru til starfa um ábyrgð þeirra og skyldur. Siðareglur ÍA sem samþykktar voru á ársþingi ÍA 2011 skipta þar miklu máli, þær eru settar fram sem nauðsynleg ábending til allra sem tengjast starfi Íþróttahreyfingarinnar á Akranesi.

Umsókn Íþróttabandalaga um aðild að Ungmennafélagi Íslands

Íþróttabandalag Akraness í samvinnu við Íþróttabandalag Akureyrar, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþróttabandalag Suðurnesja og Íþróttabandalag Vestmannaeyja sóttu sameiginlega um aðild að UMFÍ á 48. sambandsþingi UMFÍ sem haldið 12.-13. október í Stykkishólmi. Rökin fyrir aðild íþróttabandalaga að UMFÍ eru bæði íþróttaleg og hagsmunaleg. Það er td. mót erlendis sem tengjast ungmennafélags hreyfingunni sem félög í íþróttabandalögum hafa ekki aðgang að. Það er líka ýmislegt í innra starfi UMFÍ sem snerta íþróttabandalög en bandalögin fá lítil tækifæri um að segja eins og td. landsmót. Eins og staðan er í dag gætum við td. ekki sótt um að halda neitt landsmót undir nafni ÍA heldur yrði umsóknin að koma frá Umf. Skipaskaga. Það felast líka tækifæri í sameinuðum vettvangi héraðssambanda og íþróttabandalaga eins og td. í samskiptum við sveitarfélög. Samþykkt var á sambandsþingi UMFÍ að skipa nefnd til fara yfir málið og hefja viðræður við þau íþróttabandalög sem sóttu um aðild.

Fjármál ÍA

Heildartekjur aðildarfélaganna ÍA árið 2013 voru um 318 m.kr. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 24,5 m.kr. Samtals eru því tekjur íþróttahreyfingarinnar um 342,6 m.kr. Rúmlega 12 m.kr. tap var af eiginlegum rekstri aðild-





arfélaganna. Munar þar mest um tap KFÍA sem var um 18 m.kr. Hagnaður var á rekstri Íþróttabandalagsins uppá um 5,7 m.kr. Eignir íþróttahreyfingarinnar eru um 247 m.kr. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 54 m.kr, þar af er fasteignamatsverð í Íþróttamiðstöðinni um 23,7 m.kr. Laun og verktakagreiðslur eru lang stærsti útgjaldaliður íþróttahreyfingarinnar, samtals um 133 m.kr. Fjárafilanir, framlög og styrkir gefa hreyfingunni rúmar 111 m.kr. í tekjur og æfinga- og félagsgjöld um 100 m.kr. Rekstrarstyrkir Akraneskaupstaðar til ÍA árið 2013 samkvæmt samningi við bæinn námu samtals um 12 m.kr. Ekki er tekið inn í rekstrarstyrki frá Akraneskaupstað reiknuð afnot íþróttahreyfingarinnar af skóla- og íþróttamannvirkjum bæjarins. Framkvæmdastjórn ÍA ákvað í upphafi árs að greiða aðildarfélögum sínum styrk að upphæð kr. 5 milljónir. Upphæðin skiptist samkvæmt sömu forsendum og úthlutun á styrk Akraneskaupstaðar til tómstundafélaga. Styrkurinn kemur án ef í góðar þarfir í því fjölbreytta íþróttastarfi sem fram fer innan vébanda ÍA. Árið 2013 voru ekki veittir neindir styrkir úr Minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar.



Lokaorð

Ef við viljum ná árangri í víðum skilningi, hámarka gleði og ánægju einstaklingsins og tryggja öryggi hans í íþróttastarfinu. Þá er mikilvægt að íþróttahreyfingin sem heild hafi eitthvað um það að segja en ekki bara einstaka þjálfari, starfsmaður eða stjórnarmaður. Það er að sjálfsögðu öllum ljóst að þjálfunar- og kennsluaðferðir eru mismunandi eftir aldri. En rauður þráður í gegnum alla þjálfun er fræðsla, sjálfsstyrking, gleði, góð mannleg samskipti og almenn forvörn. Það er mikil ögrun fyrir þjálfara/stjórnarmenn að fá sem mest útúr mismunandi einstaklingum. Engin er eins og enginn er fullkominn og aðferðirnar ættu þar af leiðandi að vera fjölbreyttar. Þjálfunin þarf að vera eins einstaklingsbundin og hægt er. Öll sækjumst við eftir því að öðlast innri ró, skapa sátt hið innra, í slíku ástandi er líklegast að við tökum farsælustu ákvarðanirnar hvort sem það tengist því að skora sem flest mörk eða ná hagstæðum tíma. Ef einstaklingnum líður vel, hefur ánægju af því sem hann er að gera þá er hann væntanlega á réttri braut.

Mikilvægt er að við horfum gangrýnum augum inná við og spyrjum okkur að því hvað við getum gert betur í okkar innra starfi samhliða því að reyna að vera á sigurbraut. Eftir á að hyggja þá er sigurinn bónus í okkar starfi, aðalatriðið er vinskapurinn og þau jákvæðu gildi sem maður tekur með sér út í lífið. Ljóst er að íþróttir skipta miklu máli og hafa margþætt áhrif hvort sem þau er uppeldisleg, heilsufarsleg eða hagræn. Sjálfbóðaliðar hafa byggt upp íþróttahreyfinguna um áratuga skeið, meta ber starf þeirra að verðleikum, hlúa að starfsumhverfi þeirra og létta byrðarnar.

Íþróttabandalag Akraness þakkar öllum sjálfbóðaliðum og starfsmönnum íþróttahreyfingarinnar fyrir ánægjulegt og fórnfúst starf. Við þökkum sömuleiðis öllum velunnurum íþróttahreyfingarinnar á Akranesi og víðar fyrir ómetanlegan stuðning. Horfum bjartsýn til framtíðar og leggjum okkur fram um að starfa áfram af metnaði og þrótti.

Íslands- og/eða bikarmeistarar ÍA 2013

Alls eignuðumst við 34 meistarar í 10 íþróttagreinum: Badminton, boccia, fimleikum, golfi, hestaíþróttum, karate, keilu, kraftlyftingum, sundi og vélhjólaíþróttum.

Badmintonfélag Akraness

Andri Snær Axelsson
Harpa Kristný Sturlaugsdóttir
Davíð Örn Harðarson
Steinar Bragi Gunnarsson

Fimleikafélag Akraness

Unndís Ida Ingvarsdóttir

Golfklúbburinn Leynir

Deildarmeistari í 2. deild kvenna

Valdís Þóra Jónsdóttir
Friðmey Jónsdóttir
Hildur Magnúsdóttir
Elín Dröfn Valsdóttir
María Björg Sveinsdóttir

Hestamannafélagið Dreyri

Jakob S. Sigurðsson

Íþróttafélagið Þjótur

Laufey María Vilhelmsdóttir
Sigurður Smári Kristinsson

Karatefélag Akraness

Sylvía Lyn Trahan
Eiríkur Snjólfsson
Kristrún Bára Guðjónsdóttir

Keilufélag Akraness

Magnús Sigurjón Guðmundsson
Guðmundur Sigurðsson
Skúli Freyr Sigurðsson
Ingi Geir Sveinsson
Þorleifur Jón Hreiðarsson
Hörður Einarsson
Kristján Arne Þórðarson
Aron Fannar Benteinsson
Gylfi Snær Sigurðsson,
Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir
Jóhann Ársæll Atlason

Kraftlyftingafélag Akraness

Einar Örn Guðnason

Sundfélag Akraness

Ágúst Júlíusson
Vignir Barkarson
Hugi Harðarson
Patrekur Björgvinsson
Sævar Berg Sigurðsson

Vélhjólaíþróttafélag Akraness

Ernir Freyr Sigurðsson



69. ársþing ÍA haldið 18. apríl 2013 í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum

Þingsetning

Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Hann lagði til að Ellert Ingvarsson yrði þingforseti og að Jón Þór Þórðarson tæki að sér að vera fundarritari. Það var samþykkt einróma. Ellert þakkaði traustið og vonaðist eftir að þingið yrði gott og starfsamt. Hann sagðist hafa gengið úr skugga um að löglega hafi verið til þess boðað. Hann fór síðan yfir dagskrá þingsins og kallaði eftir kjörbréfum.

Kjörbréfanefnd

Þingforseti las upp tillögu um fulltrúa í Kjörbréfanefnd þau: Lárus Ársælsson, Önnu Bjarnadóttir og Hjört Hróðmarsson. Ekki komu fram fleiri tillögur og það þingforseti Lárus að fara fyrir nefndinni og að hún tæki strax til starfa. Nefndin starfaði hratt og örugglega og gerði Lárus formaður kjörbréfanefndar grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Alls bárust kjörbréf frá 10 af 17 aðildarfélögum ÍA, mættir voru 24 þingfulltrúar af 57. Lárus sagði nefndina hafa farið yfir kjörbréfin og lagði til að þau yrðu samþykkt. Voru þau samþykkt samhljóða.

Skýrsla framkvæmdarstjórnar ÍA

Lögð var fram ársskýrsla ÍA fyrir árið 2012 og farið var yfir ársreikninga íþróttabandalagsins. Í ræðu sinni fór Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA yfir það helsta í starfi íþróttahreyfingarinnar á Akranesi á liðnu ári. Hann fór yfir aðstöðumál hreyfingarinnar og mikilvægi þess að stutt yrði við bakið á sjálfdoðaliðum. Óttast hann að þróttur þeirra færi dvínandi.



Ársreikningar ÍA

Næst gaf þingforseti ÍA Jóni Þór Þórðarsyni íþróttfulltrúa ÍA orðið til að fara yfir ársreikninga ÍA, Jón Þór gerði grein fyrir ársreikningum íþróttabandalagsins fyrir árið 2012 og skýrði þar út helstu liði. Hann fór einnig yfir fjárhagsáætlun bandalagsins fyrir árið 2013 og gerði grein fyrir ársreikningum í tengslum við Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 22,4 m.kr. Tap var á rekstri Íþróttabandalagsins uppá um 1,1 m.kr. Tapið er það einkum tilkomð vegna framkvæmda við þrek- og fundarsal ÍA. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 48,4 m.kr, þar af er fasteignamatsverð í Íþróttamiðstöðinni um 21,4 m.kr. Heildarvelta íþróttahreyfingarinnar á Akranesi á árinu 2012 var rúmlega 276 m.kr og reksturinn í ágætis jafnvægi. Þingforseti þakkaði Jóni Þór fyrir og gaf orðið laust um ársskýrslu og ársreikninga. Fleiri kváðu sér ekki hljóðs undir þessum lið og bar þingforseti því ársskýrslu og ársreikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Ávarp gesta

Sérstakir gestir frá ÍSÍ voru þær Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari ÍSÍ og Helga Magnúsdóttir. Helga Steinunn ávarpaði þingið, hrósaði hún ÍA fyrir mjög öflugt starf og ábyrgan rekstur. Lýsti hún ánægju með þær tölfraði upplýsingar sem væru í ársskýrslu ÍA, þessar upplýsingar væru hreyfingunni mikilvægar í samskiptum hennar við ríkisvald og sveitarfélög.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri ávarpaði einnig þingið. Óskaði hún ÍA til hamingju með sitt flotta starf og færði bandalaginu þakkir frá Akraneskaupstað. Regína tjáði þinginu að það væri fullur hugur af hennar hálfu að bæta samstarf ÍA og Akraneskaupstaðar og ganga frá formlegum samningum þess efnis.

Kynning á Hamarshöllinni í Hveragerði

Ari Guðmundsson frá Verkís var með mjög áhugaverða kynningu á byggingu Hamarshallarinnar í Hveragerði og hver reynslan er af notkun og rekstri mjúkhýsisins.

Lagabreytingar

Hörður Jóhannesson gerði grein fyrir tillögum laganeftndar á heildarendurskoðun á lögum ÍA, þá nefnd skipuðu auk Harðar þau Gísli Gíslason og Ella María Gunnarsdóttir. Samþykkt var að vinna áfram með þessar tillögur út frá þeim ábendingum sem fram komu og leggja þær svo fyrir laganeftnd ÍSÍ til staðfestingar. Lögin verða svo endanlega staðfest á næsta ársþingi ÍA.



Skattur til ÍA

Þingforseti gat þess að ÍA hefði ekki rukkað aðildarfélag sín um neinn skatt undanfarinn ár og lagði til að svo yrði áfram. Tillaga þess efnis að skattur til ÍA yrði áfram 0 var samþykkt samhljóða.

Kosning framkvæmdarstjórnar ÍA

Þá var komið að því að kjósa í framkvæmdastjórn ÍA. Þingforseti las upp tillögu til formanns og varaformanns þá Sturlaug Sturlaugsson og Ellert Ingvarsson, sú tillaga var samþykkt með lófaklappi. Tillaga um aðra í framkvæmdastjórn: Sigríður Ragnarsdóttir, Karl Þórðarson og Laufey Sigurðardóttir. Tillaga að varamönnum þau: Halldór Fr. Jónsson og Hugi Harðarson. Þessar tillögur voru einnig samþykkt einróma. Tillaga um félagskjörna skoðunarmenn þá: Bergþór Guðmundsson og Kára Stein Reynisson, þeir voru samþykktir einróma. Tilnefning fulltrúa á ÍSÍ þing var vísað til framkvæmdastjórnar ÍA. Tillaga um stjórn Minningarsjóðs Guðmundar Sveinbjörnssonar þau: Sturlaugur Sturlaugsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Guðlaug Sverrisdóttir, þessi tillaga var samþykkt einróma. Sturlaugur notaði tækifærið og þakkaði Hildi Karen kærlega fyrir hennar góðu störf í framkvæmdastjórn ÍA og færði henni blóm að gjöf.

Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust undir önnur mál og tóku nokkrir þingfulltrúar aðildarfélaganna til máls.

Jónína Magnúsdóttir frá Keilufélagi Akraness fór aðeins yfir starfemi Keilufélagsins og þann athyglisverða árangri sem það hefur verið að ná. Vildi hún þakka hann smæð félagsins, það væri hugsað vel um hvern og einn, það giltu skýrar reglur og gleðin væri í fyrirrúmi.

Hjörtur Hróðmarsson frá Fimleikafélagi Akraness kom inná aðstöðuleysi Fimleikafélagsins og þá miklu vinnu og orku sem ungir iðkendur félagsins þurfa að ynna af hendi í tengslum við uppsetningu og frágang áhalda í hvert skipti. Þetta væri mikill burður sem tæki sinn toll af iðkendum. Vildi Hjörtur meina að rekja mætti álagsmeiðsl og brottfall eldri iðkenda til þess hversu krefjandi þessi vinna er. Einnig væri mjög slæmt hversu margar æfingar falla niður vegna annarra viðburða í Íþróttahúsinu við Vesturgötu. Hjörtur ræddi einnig um innheimtu æfingagjalda. Hann fór yfir þann uppsafnaða vanda sem FIMA hafi glímt við og þurft mikið átak til að ná inn útistandandi skuldum og töluvert

hafi verið afskrifað. Hjörtur lagði til að ÍA samræmdi verklag varðandi innheimtu æfingagjalda þannig að íþróttafélögin hefðu stuðning af hvort öðru.

Skafti Steinólfsson frá Umf. Skipaskaga þakkaði fyrir gott þing og bar fyrir kveðjur frá UMFÍ. Hann benti á að í sumar væru 3 landsmót á vegum UMFÍ og hvatti hann til góðrar þátttöku frá Akranesi. Hann kom inná þá hugmynd að sótt yrði um að halda landsmót 50+ á næstu árum. Skafti kom inná gildi þess að vera sjálfbóðaliði og hversu vermæt þeirra vinna væri. Hann hvatti Akraneskaupstað til að vinna enn

frekar að uppbyggingu íþróttamannvirkja og nefndi sérstaklega að gerður yrði kasthringur. Að lokum vildi hann leggja til að valin yrði bæði íþróttamaður og íþróttakona ársins á Akranesi.

Sigurlaug Njarðardóttir frá Þjóti lýsti þeim aðstöðuvanda sem Íþróttafélagið Þjótur býr við varðandi sitt íþróttastarf, félagið fær einungis 1/4 af íþróttasalnum á Vesturgötu 2 x í viku. Hún lýsti heilshugar stuðningi við að reist yrði aðsta fyrir Fimleikafélagið þannig að önnur félög gætu fengið meiri tíma í Íþróttahúsinu við Vesturgötu. Sturlaugur notaði þetta tækifæri og færði Þjóti blómvönd frá Íþróttabandalagi Akraness í tilefni af 20 ára starfsafmæli félagsins árið 2012.

Helgi Daníelsson heiðursfélagi ÍA kvað sér hljóðs og þakkaði ÍA fyrir þann heiður sem það sýndi honum á 80 ára afmælisdegi hans þann 16. apríl sl. Hann kvaðst vera stoltur af þessu fjölbreytta og þróttmikla starfi, en alltaf mætti gera betur. Hann hvatti ÍA til að halda á lofti minningu Guðmundar Sveinbjörnssonar. Helga leist vel á þær hugmyndir að útnefna bæri íþróttamann og íþróttakonu ársins á Akranesi og sagðist vera reiðubúinn að gefa annan bikar af því tilefni.

Þingslit

Fleir kváðu sér ekki hljóðs. Þingforseti þakkaði fyrir gott þing og fól Sturlaugi Sturlaugssyni að slíta þinginu. Sturlaugur þakkaði aðildarfélagunum fyrir sitt mikilvæga starf. Hann þakkaði fyrir góða kosningu og hlakkaði til að vinna áfram að því að bæta íþróttastarfið á Akranesi. Hann þakkaði Ellerti fyrir forsetastörfin og Jóni Þór fyrir samantektina í ársskýrslu ÍA. Óskaði hann öllum aðildarfélagunum velfarnaðar og hvatti þau til áframhaldandi góðra verka. Að lokum þakkaði Sturlaugur fyrir gott þing og sleit 69. ársþingi ÍA



Ársskýrslur aðildarfélaganna

Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum 21. mars 2013. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir. Ein breyting varð á stjórn félagsins frá fyrra ári. Anna Kristjánsdóttir meðstjórnandi gaf ekki kost á sér og í hennar stað kom Brynja Kolbrún Pétursdóttir. Aðrir stjórnarmeðlimir sátu áfram.

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins veturinn 2012-2013 :Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, formaður, Kristín Halldórsdóttir, gjaldkeri, Írena Rut Jónsdóttir, ritari, Rannveig Guðmundsdóttir og Brynja Kolbrún Pétursdóttir, meðstjórnendur

Fjöldi iðkenda hefur verið svipaður og á síðasta ári, voru um 70 iðkendur sem skiptust í 3 flokka, trimmara og miniton námskeið. Miniton er námskeið sem ákveðið var að halda yfir allt árið fyrir yngstu krakkana til að reyna að fá þau fyrr inn í badmintonið og hefur það verið nokkuð vinsælt. Einnig var gert átak í trimmunum og boðið var upp á fría trimmtíma seinni hluta tímabilsins, frá janúar 2014 til maí 2014, þetta hefur gengið mjög vel og er ásókn mun meiri nú en fyrir áramót.

Þjálfarar

Félagið hefur átt miklu láni að fagna undanfarin ár í þjálfaramálum og var engin breyting á því í ár. Ein breyting varð þó á þjálfaramálum, Broddi Kristjánsson ákvað að hætta eftir að hafa verið aðalþjálfari 1. flokks í 8 ár. Helgi Magnússon var því gerður að aðalþjálfara félagsins. Haft var samband við Helga Jóhannesson um að vera aðstoðarþjálfari, en Helgi Jóhannesson er margfaldur Íslandsmeistari. Hann hætti að spila eftir síðasta keppnistímabil og var hann meira en til í að taka að sér þetta verkefni. Hann sér því um þjálfun 1 x í viku hjá 1. og 2. flokki. Annar aðstoðarþjálfari er Helgi Grétar Gunnarsson, en hann hefur verið að fara á þjálfaranámskeið og staðið sig vel.

Viðburðir starfsársins

Badmintonfélag Akraness stóð fyrir þrem opnum badmintonmótum á árinu. Atlamótið var haldið í 28.-29. september 2013 þar sem keppt var í meistara-, A og B flokki fullorðinna. Grislingamótið var haldið 12. janúar 2014 fyrir u-11 og Landsbankamót ÍA sem er unglingamót var haldið 15.-16. febrúar 2014. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig.

Í lok mars var farið í ferð til Danmerkur en venjan er að fara annað hvert ár. Farið var á alþjóðlegt mót í Vejen á Jótlandi. Það voru 16 keppendur og 4 fararstjórar sem héldu af stað 26. mars og komu heim á páskaðag 31. mars. Krakkarnir komu heim með 10 gull, 7 silfur og 4 brons. Allir voru mjög ánægðir með ferðina, bæði skemmtun og keppni. Hópurinn vill koma á framfæri þökkum til allra

þeirra sem lögðu þeim lið í söfnunum og öðrum undirbúningi fyrir ferðina.

Í lok júlí árið 2013 var Badmintonfélag Akraness fengið til að halda æfingabúðir fyrir Badmintonsamband Íslands. Þessar æfingabúðir heita North Atlantic camp og eru sam-eiginlega æfingabúðir fyrir Ísland, Færeyjar og Grænland. Voru 24 spilarar í æfingabúðunum og 8 þjálfarar, auk þeirra komu margir foreldrar einnig með. Æfingabúðirnar eru haldnar til skiptist í þátttökulöndunum og var þetta í 2. sinn sem þær eru á Íslandi. Hópurinn fékk leiðsögn frá landsliðsþjálfara Spánar þessa viku sem æfingar stóðu yfir. Æft var 3-4 sinnum á dag. Á milli æfinga var farið út í góða veðrið og leikið sér og slakað á. Farið var í ferð upp í Borgarfjörð þar sem Grábrók, Glanni og Paradísarlaut voru skoðuð. Í lok æfingabúðanna var svo haldið mót þar sem krakkar úr ÍA og KR mættu og öttu kappi við gestina. Allir sem komu að æfingabúðunum, þátttakendur, foreldrar og umsjónarmenn voru allir ánægðir með hvernig til tókst.

Iðkendur félagsins tóku þátt í fjölda annarra móta á árinu, bæði unglinga- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Góður árangur hefur náðst, krakkarnir hafa tekið miklum framförum og unnið til fjölda verðlauna á mótunum.

Mikil sátt ríkir um það þó iðkendur vilji aðeins æfa en sleppa keppnum og opnir æfingatímar á sunnudögum hafa verið mjög vel nýttir og ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar.

Stærsta badmintonmót ársins, Íslandsmót unglinga, var haldið í TBR 7.-9. mars s.l. Keppendur ÍA stóðu sig öll mjög vel og unnu til fjölda verðlauna. Við eignuðumst 5 Íslandsmeistaratitla og fengum 4 silfurverðlaun. Íslandsmeistarar félagsins eru :

Andri Snær Axelsson sem vann bæði gull í einliða- og tvíliðaleik í U-13, Davíð Örn Harðarsson vann gull í tvíliðaleik í U-13, Brynjar Már Ellertsson vann gull í tvennd-



ar-leik U-13 og Harpa Kristný Sturlaugsdóttir vann gull í tvíliðaleik í U-15.

Næsta stórmót er Meistaramót Íslands, 4-6. apríl n.k. en þar munu allir elstu og bestu keppendur félagsins taka þátt. Síðasta mót ársins er Akranesmeistaramótið í maí, sem lýkur svo með lokahófi félagsins að vanda.

Akranesmótið og lokahóf félagsins var haldið 12. maí 2013. Keppt var í einliða u-11 til u-19 og fullorðinsflokki, tvíliðaleikurinn er svo þannig að það er einn spilari og fjölskyldumeðlimur sem spila saman. Gekk mótið mjög vel fyrir sig og voru allir almennt ánægðir með mótið. Veitt voru verðlaun á lokahófinu fyrir bestu ástundun, mestu framfarir eldri og yngri, besta æfingafélagann og spilara ársins. Að þessu sinni var Egill Guðvarður Guðlaugsson valinn spilari ársins.

Landsliðsmál

Eins og undanfarin ár átti félagið marga fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins. Í A-landsliðshópnum eru Ragnar Harðarson og Egill Guðlaugsson.

Í U19 hóp er Helgi Grétar Gunnarsson en hann var valin til að fara með landsliðinu til Ítalíu 28-30. mars á Italia Junior International.

Í U13, U15 og U17 æfingaúrtakshópum eru Andri Snær Axelsson, Davíð Örn Harðarson, Brynjar Már Ellertsson, Katrín Eva Einarsdóttir, Katla Kristín Ófeigsdóttir, Símon Orri Jóhannsson, Tómas Andri Jörgensson, Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir, Harpa Kristný Sturlaugsdóttir, Steinar Bragi Gunnarsson, Elvar Már Sturlaugsson og Dalrós Sara Jóhannsdóttir.

Sameiginlegar æfingabúðir Færeyja, Grænlands og Íslands voru haldnar á Akranesi í vikutíma í júlí og átti félagið þrjá fulltrúa sem valdir voru til þátttöku af landsliðsþjálfara. Þetta voru þau Andri Snær Axelsson, Davíð Örn Harðarsson og Ragnar Harðarsson sem þjálfari.

Í ágúst 2013 voru haldnar æfingabúðir sem heita Nordic camp og átti Akranes 4 fulltrúa þar. Spilarar frá félaginu sem voru valdir til að fara í þær æfingabúðir voru : Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir, Símon Orri Jóhannsson og Tómas Andri Jörgensson, einnig var þjálfari frá Akranesi valin en Írena Rut Jónsdóttir fór fyrir íslandshönd.

Rekstur félagsins

Almennur rekstur félagsins var rekinn með óvenju miklum hagnaði. Auk æfingagjalda voru helstu fjáraflanir eldhús- og salernispappírsala og dagatal, auka fjáröflun þetta árið var æfingabúðirnar sem haldnar voru í lok júlí. Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjáröflunum því ella þarf að hækka æfingagjöldin sem tekist hefur að halda í lágmarki undanfarin ár. Félagið þakkar kærlega fyrir stuðning Landsbanka Íslands á Akranesi, Akraneskaupstaðar og ÍA sem er félaginu mjög mikilvægur.

Minningarorð

Súsanna Steinþórsdóttir lést á Akranesi þann 7. nóvember 2013 eftir langa baráttu við krabbamein. Frá því að börn Súsönnu hófu að spila Badminton hjá Badmintonfélagi

Akraness á unga aldri vann hún óeigingjarnt og ómetanlegt starf fyrir félagið. Súsanna var ein af þeim dýrmætu einstaklingum sem fór lítið fyrir en var þeim mun duglegri og hjálpsamari. Hún var alltaf tilbúin að hjálpa til við hver þau verk sem þurfti að annast hvort sem það voru fjáraflanir, mótahald eða fararstjórn. Hún bauð alltaf fram aðstoð sína með bros á vör og alltaf var hægt að treysta á að það sem hún tók að sér væri í öruggum höndum.

Við hjá Badmintonfélagi Akraness erum Súsönnu afar þakklát fyrir allt það góða starf sem hún hefur unnið fyrir félagið. Það skarð sem hún skilur eftir sig hjá félaginu verður seint fyllt upp í.

Blakfélagið Bresi

Starfsemi blakfélagsins Bresa var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Aðalfundur félagsins var haldinn 18 mars 2013 og var mæting góð.

Stjórn félagsins er þannig skipuð, Ingunn Sveinsdóttir er gjaldkeri, Erna Guðlaugsdóttir er ritari og Jóna Björg Olsen er formaður. Varamenn eru Steindóra Steinsdóttir og Harpa Sif Þráinnsdóttir. Endurskoðendur eru Ragnheiður Ragnarsdóttir og Eygló Karlsdóttir.

Skráðir félagar eru 26 talsins.

Æfingar

Æfingar hófust eins og vanalega hjá okkur um mánadarmótin ágúst/september og eru tímar bæði fyrir konur og karla. Æfingarnar fara fram eins og undanfarin ár að jaðarsbökkum og eru á mánudögum frá kl 20:30 til 22:00 og á miðvikudögum kl 18:30 til 20:00.

Keppni/Íslandsmót

Bresi sendi eitt lið til keppni í 2. Deild íslandsmótsins í blaki veturinn 2013 til 2014 og einn lið í 3. Deild. Annarar deildar liðið vann deildina sína og tekur því þátt í fyrstu



deild að ári. Þriðju deildar liðið varð í neðsta sæti í sinni deild og fellur því niður í fjórðu deild.

Hraðmót

HK trimm: Eitt lið sem lenti í 4. Sæti í annari deild.

Þorramót Aftureldingar, tvö lið: 4. sæti í fyrstu deild og 1. sæti í þriðju deild.

Bresamót

Bresamótið okkar var haldið að Jaðarsbökkum 2. Mars 2013, tíu kvennalið tóku þátt og gekk mótið hratt og vel fyrir sig.

Öldungamót

38. Öldungamót BLÍ var haldið í Kórnum í Kópavogi af Blakdeild HK. Þetta er orðið mjög stórt mót sem skiptist í sjö karladeildir og fjórtán kvennadeildir sem koma af öllu landinu. Frá Bresa fóru þrjú lið að þessu sinni og var árangur eftirfarandi: 2.deild 6.sæti, 5.deild 4 sæti og 14. deild 5 sæti.

Fimleikafélag Akraness

Stjórn FIMA skipuðu: formaður: Hjörtur Hróðmarsson varaformaður: Pálmi Haraldsson gjaldkeri: Elva Gylfadóttir, ritari: Júlía Viðarsdóttir og meðstjórnandi: Sigrún Mjöll Stefánsdóttir. Yfirþjálfari félagsins er Zoltan Demény, sér hann jafnframt faglegt starf félagsins ásamt því að hafa yfirumsjón með innheimtu æfingagjalda. Rekstur félagsins er nú í ágætu jafnvægi. Tekjur ársins voru ríflega 24 m.kr. Gjöld rúmlega 22,1 m.kr. Hagnaður félagsins árið

2013 er 2,1 milljónir. Helstu styrktaraðilar félagsins á árinu voru Norðurál og Íslandsbanki en því til viðbótar kom mikilvægt framlag frá Íþróttabandalaginu.

Heildar iðkenda-fjöldi innan raða FIMA er rúmlega 300. Iðkendafjöldi í yngstu hópnum heldur áfram að aukast og brottfall eldri iðkenda fer minnkandi. Parkour er í mikilli sókn og íþróttaskóli fyrir 2 – 5 ára nýtur ávalt mikilla vinsælda. Nú eru starfandi hjá félaginu 27 þjálfarar sem sinna þjálfun í fimleikum, parkour og íþróttaskóla. Starfsemi

félagsins spannar 9 – 10 mánuði af árinu. Menntun þjálfara hefur gengið vel undanfarin ár margir lant komnir með FSÍ þjálfunina. Aðstöðuleysi hamlar mjög starfsemi félagsins og. Mikill tími og orka fer í uppsetningu og frágang áhaldna í hvert skipi jafnframt því sem geymslupláss áhaldna er orðið of lítið og finna þarf lausnir á því. Vonandi verður nýtt fimleikahús að veruleika fyrr en síðar.

FIMA átti fjölmarga keppnishópa í hópfinleikum á árinu 2013 og var árangur þeirra almennt mjög góður. Okkar fólk náði glæsilegum árangri í landsliðsúrtaði en aðstöðuleysi hamlar áframhaldandi árangri. Þegar er nokkur hópur iðkenda farinn að sækja suður til að æfa með öðrum félögum og hætta er á að við missum okkar góðu þjálfara einnig. Því er brýnt að leysa aðstöðumál félagsins. Fimleikafólk ársins eru þau Logi Örn Axel Ingvarsson og Harpa Rós Bjarkadóttir sem fimleikafólk ársins. Logi er í stöðugri framför í íþróttinni. Hann stundar allar sínar æfingar af mikilli samvirkusemi og er öðrum drengjum góð fyrirmynd. Nýlega keppti Logi á Íslandsmótinu í stökkfimi og náði þar mjög góðum árangri. Harpa Rós stundar sínar æfingar af mikilli samvirkusemi og metnaði. Hún kemur ávalt brosaði á æfingar og er bæði kurteis og hógvær og öðrum iðkendum mikil og góð fyrirmynd.

Golfklúbburinn Leynir

Golfárið 2013 var 48. starfsár Golfklúbbsins Leynis. Golfsumarið 2013 er töluvert frábrugðið undanförunum sumrum þar sem GL tók á ný við rekstri Garðavallar af GR sem rekið hafði völlinn í fimm ár. Skráðir spilaðir hringir 2013 voru færri á Garðavelli samanborið við árið áður og var ástand Garðavallar gott í sumar þrátt fyrir slæmt veðurfar og mikla vætu. Það sem stóð upp úr varðandi undangengið golfsumar var góður árangur Valdísar Þóru í keppni sem og að hún gerðist atvinnumaður í íþróttinni og mun hún nú í desember leika í Marokkó á úrtökumóti fyrir Evrópumótaröð kvenna. Einnig ber að nefna að bæði karla- og kvennalið Leynis stóðu sig vel í sveitakeppni GSÍ og unnu sér þátttökurétt í 1. deild að ári en kvennasveitin var Íslandsmeistari í 2.deild meðan karlasveitin hafnaði í 2. sæti.

Rekstur klúbbsins var mun umfangsmeiri en árin á undan vegna yfirtöku klúbbsins á rekstri Garðavallar á nýjan leik og einnig var rekstur veitingasölu í höndum klúbbsins. Rekstrarniðurstaða klúbbsins er umfram væntingar, fjármögnun klúbbsins er í góðu horfi og vel viðráðanleg. Stjórn GL réð Guðmund Sigvaldason sem framkvæmdastjóra Leynis í marsmánuði og er það ekki síst honum að þakka hversu vel reksturinn gekk á liðnu starfsári. Klúbburinn gerði framkvæmdasamning um vélaskemmu við Akraneskaupstað til þriggja ára og tryggir samningurinn klúbbum fjármagn til að klára vélaskemmuna.

Á aðalfundi GL þann 27. nóvember 2012 var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2013.

Úr stjórn gengu:

- Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson



- Stjórnarmenn til tveggja ára: Hörður Jóhannesson og Tryggvi Bjarnason

- Varamaður til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir

Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2013 voru:

- Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson

- Stjórnarmenn til tveggja ára: Hörður Jóhannesson og Tryggvi Bjarnason

- Varamaður í stjórn til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir

Áfram sátu Eiríkur Jónsson og Hannes Marinó Ellertsson, kosnir til 2 ára.

Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti.

Starf stjórnar á árinu

Haldnir voru 15 formlegir bókfærðir fundir stjórnar GL og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli. Eins eru tölvupóstsendingar mikið notaðar til skrafs og ráðagerða. Framan af rekstrarárinu fór mikill tími stjórnar í að undirbúa klúbbinn undir breytt rekstrarform frá árunum á undan, þar á meðal í ráðningu framkvæmdastjóra. Um starfið sóttu 27 einstaklingar og varð niðurstaðan sú eins og fyrr sagði að Guðmundur Sigvaldason var ráðinn. Framkvæmdir við vélaskemmu héldu áfram síðastliðinn vetur og gengu framkvæmdir það vel að hægt var að nýta bygginguna í sumar. Vélaskemman er í dag nokkuð langt komin þó enn eigi eftir að framkvæma töluvert, þar á meðal reisa milliveggi og uppsetning salernisaðstöðu. Mikið sjálfboðaliðastarf var unnið í tengslum við skemmuna og er stjórn GL er gríðarlega ánægð og stolt af því hversu vel félagsmenn hafa tekið þátt í framkvæmdinni.

Eftir töluverðar viðræður var á vormánuðum undirritaður þriggja ára framkvæmdasamningur við Akraneskaupstað um fjárhagslega aðkomu bæjarins að vélarskemmunni. Niðurstaðan var 8 milljón krónu árlegt framlag bæjarins til þriggja ára. Í kjölfar viðhorfskönnunar og félagsfundar sem haldinn var í svokölluðum þjóðfundarstíl á haustmánuðum 2012 komu fram heilmargar tillögur og hugmyndir frá félagsmönnum um hvernig bæta mætti meðal annars félagsaðstöðuna, Garðavöll og almennt félagsstarf GL. Stjórnin setti af stað ýmis verkefni sem tengjast þessum hugmyndum og er hún enn að vinna að ýmsum hugmyndum sem komu fram í þessari vinnu. Það er mat stjórnar að þetta form af samtali félagsmanna og stjórnar sé til bóta og hafi það sýnt að góðir hlutir hafi þróast út frá þeim hugmyndum og skoðunum sem fram hafa komið. Fyrirhugað er að leggja í vetur fyrir félagsmenn álíka viðhorfskönnun og gerð var á árinu 2012.

Nú er lokið þessu fyrsta rekstrarári þar sem GL um nokkurt árabil sér um rekstur á öllu því sem við kemur félagsstarfinu, Garðavelli og veitingasölu. Eins og fram kom í ársskýrslu 2012 óttaðist stjórn GL ekki að taka við rekstrinum á nýjan leik þar sem stjórnin fann fyrir miklum krafti og áhuga hjá félagsmönnum klúbbsins. Þetta mat okkar árið 2012 hefur algerlega staðist. Nánast hvar sem borið er niður í starfi klúbbsins hafa félagsmenn verið boðnir og búnir til að leggja hönd á plóg og fyrir það bera að þakka.

Golfklúbburinn Leynir er öfundsverður af jafn öflugum hópi félagsmanna.

Störf nefnda

Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2013. Starfandi nefndir voru barna- og unglinganefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd, aganefnd, öldunganefnd karla og mótanefnd. Nánar er fjallað um starfsemi hverrar nefndar í hjálögðum skýrslum.

Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís Þóra kom seinna heim til Íslands úr námi þetta sumarið eins og 2012. Hún lék vel í þeim mótum sem hún tók þátt í. Mjög litlu mátti muna að Valdísi tækist að verja Íslandsmeistaratitil sinn í högggleik þegar mótið var haldið á Korpúlfsstöðum. Valdís Þóra gerðist atvinnumaður í golfþróttinni á haustmánuðum 2013 og mun hún núna í desember mánuði leika í Marokkó á úrtökumóti fyrir Evrópumótaröð kvenna. Spennandi verður að fylgjast með henni á nýjum vettvangi atvinnukylfinga.

Barna- og unglingastarf GL var með um 10 virka iðkendur í afreksefnastarfinu. Tóku iðkendur GL þátt í hinum ýmsu mótum á vegum GSÍ s.s. Eimskipsmótaröðinni, Íslandsbankamótaröðinni, Áskorendamótaröðinni, Íslandsmóti í högggleik, Íslandsmóti í holukeppni og sveitakeppni unglinga. Var árangur með ágætum þegar á heildina er litið.

GL sendi sveit karla og kvenna til leiks í Sveitakeppni GSÍ. Karlarnir léku í 2. deild sem fram fór Vestmannaeyjum og vann sveitin sér þátttökurétt í 1. deild að ári. Konurnar léku í 2. deild í Stykkishólmi og vann kvennasveitin 2. deildina og vann sér um leið þátttökurétt í 1. deild að ári. Leynir sendi karlasveit öldunga til þátttöku í sveitakeppni 55 ára og eldri en keppt var í Öndverðarnesi. Sveitinni gekk mjög vel og endaði í 3ja sæti keppinnar.

Félagafjöldi

Félagsmönnum í GL fjölgaði á árinu 2013 úr 382 í 405. Golfklúbburinn Leynir er 11. stærsti klúbbur landsins miðað við félagafjölda samkvæmt upplýsingum GSÍ. Á Vesturlandi eru 9 klúbbar með heildarfjölda félagsmanna 1011, og er GL stærsti klúbbur Vesturlands með rúmlega þriðjung félagsmanna skráða innan sinna vébanda. Alls eru 65 klúbbar skráðir á landinu og heildar fjöldi skráðra félaga innan vébanda GSÍ eru 16.602. Fjórir stærstu klúbbar landsins hafa frá 1.100 félagsmönnum og upp í tæplega 3.000, þar sem GR er stærsti klúbbur landsins.

Skipting félagsmanna niður í aldurshópa er nokkuð í takt við aldursskiptingu kylfinga á landsvísu, þó eru heldur færri kylfingar 51 árs og eldri innra raða GL heldur en á landsvísu og á móti eru fleiri kylfingar í aldurshópnum undir 20 ára innan raða GL. Að sama skapi er áhyggjuefni að félagsmönnum á aldursbilinu 21-30 ára fjölgaði ekki nema um 2% milli ára og að fækkun varð í aldurshópnum 11 -20 ára um 2%.

Mótahald

Mótahald gekk mjög vel sumarið 2013 og var starf mótanefndar þetta árið sem hingað til, til mikillar fyrirmyndar.

Fjölgað var í mótanefnd fyrir tímabil-ið til að mæta fyrirsjáanlegu auknu álagi. Fjöldi móta í sumar voru 54 og voru mótin vel sótt af félagsmönnum og öðrum gestum en mótin sóttu um 2350 manns. Mótahaldið var fjölbreytt blanda af innanfélagsmótum, barna- og unglingamótum, kvennamótum og opnum mótum.

Meistaramót Leynis var haldið dag-ana 10. – 13. júlí. Þátttakan var góð og tóku 107 félagsmenn þátt ásamt fjölda barna og unglinga í meistaramóti yngri kylfinga. Lokahóf mótsins var síðan haldið í sal Íþróttabandalagsins að Jaðarsbökkum eins og árin á undan og bornar voru fram veitingar frá Galito. Klúbbmeistarar urðu eftirfarandi:

Meistaraflokkur karla: Stefán Orri Ólafsson, 310 högg,
Meistaraflokkur kvenna: Friðmey Jónsdóttir, 358 högg
15 ára og yngri: Hilmar Halldórsson, 266 högg
12 ára og yngri: Gunnar Davíð Einarsson

Mótahaldið í sumar þótti takast afar vel í alla staði og á mótanefnd miklar þakkir skilið fyrir frábærlega vel unnin störf í sumar.

Framkvæmdir á árinu 2013

Lítið var um stórfamkvæmdir á vellinum sjálfum á árinu í ljósi þess að ákveðið var að stíga varlega til jarðar með framkvæmdir á meðan klúbburinn væri að átta sig á nýrri stöðu mála með reksturinn. Nokkrar breytingar voru gerðar á sandgryfjum víðsvegar um völlinn og þóttu þær framkvæmdir koma vel út. Stærstur hluti þessara breytinga var unnin af félagsmönnum í sjálfboðavinnu. Síðastliðinn vetur unnu nokkrir klúbbmeðlimir í því að pússa upp og bera á alla bekkir og brautarmerki vallarins og gerðu sem nýtt.

Rekstur Golfklúbbsins Leynis árið 2013

Rekstrarreikningur GL tekur stakkaskiptum frá árinu 2012 og er umfang rekstrarins orðið miklu mun meira en áður. Rekstrartekjur aukast um 86% og rekstrargjöld um 157%. Rekstrarafkoma klúbbsins er með ágætum eftir rekstrarárið og er rekstrarhagnaður uppá 15,8 milljónir króna. Rekstrartekjur voru 66,7 milljónir króna eða 25% umfram áætlun. Rekstrargjöld voru hins vegar 51,4 milljónir króna eða 2% umfram áætlun.

Þegar heildar niðurstaða ársins 2013 er skoðuð þá er reiknaður hagnaður ársins 2,9 milljónir króna. Efnahagur klúbbsins er í góðu jafnvægi við lok þessa rekstrarárs og stendur langtímalán klúbbsins nú í 15,1 milljón króna og eru um rúm 3 ár eftir af því láni. Á móti stendur handbært fé klúbbsins í 16 milljón krónum á sama tíma. Fyrningar nema 10,7 milljónum króna og samanstendur það að stærstum hluta af afskriftum mannvirkja, véla og eignfærðum framkvæmdum golfvallar undanfarinna ára.

Staða klúbbsins eftir rekstrarárið 2013 er sterk, bæði hvað varðar rekstrarforsendur sem og efnahag. Sú meðvitaða ákvörðun um að stíga varlega til jarðar í rekstri klúbbsins



á þessu fyrsta rekstrarári sem klúbburinn sér um rekstur allra þátta hans hefur borgað sig. Þátttaka félagsmanna í framkvæmdum og rekstri klúbbsins hefur sparað klúbbum mikil útgjöld og haft mikil áhrif á að afkoman er jákvæð.

Starfsmannamál

Starfsmenn GL á árinu 2013 voru 12 þegar mest lét yfir sumartímann. Guðmundur Sigvaldason framkvæmdarstjóri er eini launþegi klúbbsins á heils árs grundvelli, Karl Ómar Karlsson íþróttastjóri og golfkennari sinni barna- og unglingastarfinu innan klúbbsins eins og undanfarin ár. Hann starfaði frá apríl fram undir lok tímabilsins 2013. Einnig störfuðu við völlinn hópur unglinga úr unglingavinnu Akraneskaupstaðar eins og verið hefur undanfarin ár. Samið var við Grastec, félag í eigu Brynjars Sæmundssonar, um faglega umsjón umhirðu Garðavallar og framkvæmda við hann.

Veitingasala

Stjórn GL tók ákvörðun um að klúbburinn myndi reka veitingasöluna eftir að þessum þætti hafi verið úthýst um margra ára hríð. Kristín Magnúsdóttir var fengin til að sjá um veitingasöluna ásamt þremur vöskum stúlkum sem aðstoðuðu hana við að gera þjónustuna sem besta. Vel tókst til með rekstur veitingasöluunnar og almenn ánægja var með þjónustuna og vöruframboðið.

Samningar við aðra golfklúbba

GL gerði í sumar vinavallasamninga við valda golfklúbba sem félagsmenn gátu nýtt sér á ferðum sínum um landið. Samningarnir innihéldu afslætti af vallargjöldum og voru við golfklúbba GBR, GKJ, GB, GHR, GMS, GHG, GOS, GKB, GA og GVG.

Umferð um Garðavöll

Skráðir hringir voru færri í sumar samanborið við árið 2012 ef tekið er mið af skráningu frá maí til loka septem-ber. Leiknir voru 15.354 hringir skv. skráðum rástímum og 2.350 mótahringir. Samtals gerir þetta 17.704 hringir. Rekja má ástæðu þessara breytinga á umferð um Garðavöll og skráðum hringjum til þess að GL tók aftur við rekstri vallarins og það orsakaði fækkun á spiluðum hringjum hjá

félagsmönnum GR, Garðavöllur opnaði 2 vikum síðar en árið áður og síðast en ekki síst var veðurfarið ekki hagstætt kylfingum sökum vætutíðar. Hringir GL félaga voru skráðir 7.369 og er það fjölgun um tæplega 500 hringi frá árinu áður. Að meðtöldum hringjum í GL mótum spiluðu GL félagar alls um 9.700 hringi á Garðavelli.

Samskipti við Akraneskaupstað

Áframhald var á góðu samstarfi milli Akraneskaupstaðar og klúbbsins á árinu eins og undanfarin ár. Undirritaður var samningur um frágang vélaskemmu á þessu rekstrarári. Sá samningur tryggir að mögulegt er að klára bygginguna innandyra. Sá stuðningur sem Akraneskaupstaður hefur veitt klúbbum í gegnum tíðina er gríðarlega mikilvægur fyrir klúbbinn til frambúðar.

Styrktaraðilar

Rekstur golfklúbbs er mikið og stórt verkefni og án dyggra félagsmanna, stuðningsaðila og stuðnings velgjörðaaðila væri reksturinn erfiður í alla staði. Aðal styrktaraðili klúbbsins líkt og undanfarin ár er Akraneskaupstaður og hefur GL treyst á aðkomu hans að rekstri klúbbsins og Garðavallar sem og þátttöku í ýmsum framkvæmdum s.s nýrri vélaskemmu. Almennur rekstur klúbbsins hefur notið góðs af mörgum góðum styrktaraðilum og ber þar fyrst að nefna Norðurál sem er einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins en skorkort, teighattar, fánar á flötum og brautarskilti er merkt fyrirtækinu. Landsbankinn er líkt og undanfarinn ár einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins og styrkir mótahald félagsmanna, opið mót og er aðal styrktaraðili barna og unglingastarfsins en aðrir aðilar eins og Íslandsbanki leggja einnig til fjármagn í tengslum við barna og unglingastarfið.

Lokaorð

48. rekstrarári golfklúbbsins Leynis er nú lokið. Segja má að nýtt tímabil í rekstrarsögu klúbbsins hafi hafist á árinu 2013. Rekstur allra þátta klúbbsins er nú á hendi GL á nýjan leik eftir 5 ára hlé. Óhætt er að segja að vel hafi til tekist á árinu, rekstrarniðurstaða góð, efnahagur klúbbsins í góðu jafnvægi og félagsstarfið í miklum blóma. En mikill vill meira eins og stendur einhversstaðar. Við getum enn bætt Garðavöll, við getum áfram bætt félagsstarf Leynis og við getum bætt félagsaðstöðu okkar. Við viljum skapa þannig umgjörð og aðstöðu að Golfklúbburinn Leynir blómstri áfram og félagsmenn fái notið sem best þeirra lífsgæða sem í golfi felast. Á nýafstöðnu Golfþingi GSÍ var samþykkt stefna sambandsins til næstu sjö ára. Hornsteinn þeirrar stefnu kristallast í yfirskriftinni að golf sé lífsgæði. Golf er íþrótt sem sameinar útivist, heilbrigði, félagsskap og fjölskylduna. Golfíþróttin er heilsubætandi og hefur jákvæð samfélagsáhrif. (tekið úr nýsamþykktari stefnu Golfsambands Íslands)

Hvað er það sem til þarf þannig að hægt sé bjóða uppá þau lífsgæði sem golf er?

Golfvöll – 9 holur, 18 holur, góður, þokkalegur eða framúrskarandi. Ágætt er að hafa það í huga að oft hefur það

verið nefnt að þegar góður golfvöllur er byggður upp frá grunni kosti hver hola um það bil 15 milljónir. Golfklúbb – Golfklúbbar eru mismunandi að fjölda, félagsaðstaða er mismunandi, félagsstarf klúbba skapar félagsandann. Á vegum klubbanna er venjulega umgjörð í kringum barna-, unglinga- og afreksstarf. Umgjörð utan um móttöku nýliða í félagsstarfið m.a. með því að bjóða uppá kennslu sérmentaðra kennara. Það að stofnsetja golfklúbb er ekki flókn hlutinn í þessari jöfnu, það að byggja upp golfvöll og viðhalda honum er hins vegar flókn hlutinn og sá sem útheimtir mikið fjármagn, ef vel á að vera. Það er krafa félagsmanna að boðið sé upp á eins góðan golfvöll og kostur er. Hverjir hafa ekki farið um og leikið golf á öðrum völlum, innanlands sem erlendis. Meðal þess sem leikmaðurinn spáir í er hvernig var golfið, hvernig var völlurinn, og þá grúnn fyrst og fremst og svo önnur atriði þar á eftir. Velta einhverjir því fyrir sér þegar þeir leika sem gestir á öðrum völlum hver tilurð vallarins er, hvernig staðið sé að rekstri þessa klúbbs, hvernig er hann fjármagnaður, hver á völlinn og hver ber ábyrgð á honum. Ég held að fáir spái í því, gestir á völlum (eins og við félagsmenn) viljum bara getað spilað golfvöll í eins góðu ásigkomulagi og mögulegt er hvernig sem því markmiði er náð.

Hægt er að ganga út frá því að golfklúbbar sem hafa mikinn fjölda félagsmanna, sterka fjárhagsstöðu, öfluga félagsmenn og góðan stuðning opinberra aðila (í það minnsta eitt af þessum atriðum) séu betur í stakk búnir til að bjóða uppá bestu golfvöllina, bestu aðstöðuna og geta því um leið státað af mikilli umferð golfara og hlotið upphefð vegna gæði vallarins. Golfklúbburinn Leynir býður uppá og hefur boðið uppá Garðavöll sem án efa er einn af fimm bestu golfvöllum landsins. Garðavöllur var tilnefndur þriðji besti völlum landsins af erlendu fagtimaritum fyrir ekki löngu síðan. Garðavöllur er eitt mesta aðdráttarafl bæjarfélagsins fyrir fólk sem kemur til Akraness til þess að stunda einhverja afþreyingu. Golfklúbburinn Leynir hefur alið af sér eitt hæsta hlutfall afrekskylfinga sem skarað hafa framúr í íslensku golfi á undanförmum 20 árum og hafa utanaðkomandi spurt sig hvernig í ósköpunum fara þeir að þessu þarna uppi á Skaga. Svarið við þessum atriðum öllum er margþætt, en reynum að svara því hvernig svona lítill klúbbur hefur getað boðið uppá jafn góðan golfvöll og raun ber vitni. Fyrir okkur er svarið einfalt. Við höfum ekki mikinn fjölda félagsmanna og þar af leiðandi höfum ekki haft möguleika til að skapa mikla fjármuni til að byggja upp góðan völlum. Við höfum hins vegar í okkar röðum frábæra félaga sem eru tilbúnir til þess að vinna fyrir klúbbinn eins og þeir væru að vinna fyrir sjálfa sig. Það er ómetanlegur fjársjóður sem ber að varðveita eins og fjöregg. Gjaldahlið rekstrarreiknings Golfklúbbsins Leynis væri mikið mun hærri ef gjaldfærðir væru allir þeir klukkutímar sem félagsmenn hafa fórnað í vinnu fyrir klúbbinn og afkoman eftir því. Með aðkomu félagsmanna í hin ýmsu verkefni skapast aukið rými til þess að halda áfram að byggja upp og bæta okkar aðstöðu, völlum og félagslíf. Þrátt fyrir að á háanna-tíma eins og um mitt sumar séu einungis 12 starfsmenn á launaskrá er með sanni hægt að segja að daglega séu um 70 mættir til starfa. Það er þyngdarinnar virði í gulli.

Við erum alin upp við það sem félagsmenn í Leyni að klúbburinn, við félagsmenn, sjái að stærstum hluta um rekstur og uppbyggingu íþróttamannvirkjanna sem við notum við iðkun okkar íþróttar. Aðstöðumunurinn sem er gagnvart öðrum íþróttargreinum er óumdeildur, í það minnsta að mati okkar kyllinganna. Hvað varðar okkur í Golfklúbbum Leyni þá höfum við í áranna rás notið ágætrar aðstoðar Akraneskaupsstaðar og hefur viðhorf bæjaryfirvalda yfir höfuð verið jákvætt í garð golfklúbbsins. Við höfum ekki tölfraði undir höndum til að bera okkur saman við aðra klúbba og önnur bæjarfélög hvað þetta varðar. Við göngum hins vegar út frá því að bærinn geri það á hverjum tíma sem hann mögulega getur til að jafna þann aðstöðumun sem golfklúbburinn býr við samanborið við önnur íþróttafélög. Út frá stöðu klúbbsins í dag og með áframhaldandi þátttöku félagsmanna í þeim framkvæmdum sem farið verður út í er það mat stjórnar að hægt verði að koma vellinum í því sem næst endanlegt horf á næstu þremur árum. Þar telur stærst endurnýjun flata sem tilheyrir eldri hluta vallarins. Á komandi árum fer að aukast þörfin á að endurnýja vélaflotann og verður mörkuð stefna til næstu ára í þeim efnum á komandi misserum. Möguleikar til þess að fá bætta félagsaðstöðu er sífellt til skoðunar og mun stjórn og framkvæmdastjóri halda áfram þeirri vinnu og vonandi innan tveggja ára verður komin einhver mynd á framtíðarskipan hvað varðar þau mál.

Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klúbb eins og okkar og eykur það ánægju félagsmanna við ástundun íþróttarinnar. Félagsstarfið er borið uppi af félagsmönnum, áhuga og framlagi þeirra til starfsins. Stjórn GL vill sérstaklega þakka því fólki sem komið hefur að skipulagningu á félagsstarfinu, það vinnuframlag sem innt er af hendi er ómetanlegt til þess að gera félagsstarfið blómlegt og ánægjulegt. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og skal það haft í hávegum í klúbbi eins og GL. Eins og tíundað hefur verið er það milljóna virði fyrir klúbb eins og okkar að hafa svo öfluga félagsmenn. Stjórn GL vil að lokum þakka félögum, nefndarmönnum, styrktaraðilum og starfsfólki fyrir framúrskarandi aðkomu að starfinu og umfram allt gott samstarf á rekstrarárinu 2013.

Hestamannafélagið Dreyri

Stjórn hestamannafélagsins, s.l. starfsár: Formaður: Stefán G. Ármannsson. Varaformaður: Valdimar Ólafsson. Ritari: Samúel Þorsteinsson. Gjaldkeri: Sigríður Helga Sigurðardóttir. Meðstjórnanndi: Sigurður Ólafsson. Varamenn: Kristín Frímannsdóttir og Sigurður G. Sigurðsson.

Félagsmenn í hestamannafélaginu Dreyra eru 220 og hefur fækkað um 4 frá síðasta aðalfundi. Stjórnin fundaði 8 sinnum formlega en þar fyrir utan voru ótal mál rædd í gegnum tölvu og síma. Nokkrir fundir voru haldnir með nefndum félagsins vegna ýmissa mála. Stjórn hefur einnig verið í samskiptum og á fundum með bæjaryfirvöldum á Akranesi vegna ýmissa mála, svo og við Vegagerðina, við Hvalfjarðarsveit vegna skipulagsmála er tengjast reiðvega-

gerð og að ótöldum ýmisskonar samskiptum við önnur hestamannafélög t.d á Vesturlandi. Stjórnarstarfið hefur gengið vel og kjörnir varamann verið boðaðir á fundi til að efla starfið frekar og virkja hvert mannafl.

Vetrarstarfið byrjaði strax í janúar með skipulögðum námskeiðum og kynningarfundum hjá æskulýðsnefnd og fræðslunefnd. Síðan rak hver viðburðurinn annan fram á vor s.s laugardagsreiðtúrar, reiðnámskeið, vetrarmót, Góugleði, aðrir gleðifundir, Páskatölt, kynjareið og hin árlega Langasandreið á sumardaginn fyrsta.

Fjör á vellinum á föstudaginn langa

Dreyri var aðili að undirbúningi Vesturlandssýningar sem var haldin í reiðhöllinni Faxaborg 23.mars, ásamt Faxe í Borgarfirði, Skugga í Borgarnesi, Snæfellingi á Snæfellsnesi og Gláð í Dölum og Hrossaræktarsamband Vesturlands. Fulltrúi Dreyra í undirbúningsstarfinu var Ása Hólmarsdóttir og færum við henni þakkið fyrir sitt framlag. Vesturlandssýning verður aftur haldin á þessu ári (29.03.2014) og vonar stjórn Dreyra að félagar sínir verði duglegir við undirbúning og sérstaklega er vonast eftir börnum og unglingum Dreyra á þá sýningu.

Firmakeppnin var að venju á sínum stað þann 1. maí. Ágæt þátttaka var í keppninni í flestum flokkum. Fyrirtæki og einstaklingar styrktu félagið með nokkuð góðu móti, en öllum þeim sem styrktu félagið og aðstoðuðu á annan hátt, t.d með köku- og tertuframlagi, eru færðar bestu þakkið fyrir.

Úrslit urðu sem hér segir:

Pollaflokkurinn, sem eru yngstu knaparnir, nýtur þeirrar sérstöðu að teymt er undir knöpunum og er þeim ekki raðað í sæti, en allir fá þátttökupening. Þar kepptu fimm efnilegir framtíðarknapar félagsins, þau Líf Kristinsdóttir, Arnar Freyr Brynjarsson, Hrefna Rún Sigurðardóttir, Kristín Ólína Guðbjartsdóttir og Matthildur Svana Stefánsdóttir.

Barnaflokkur: 1. sæti Unndís Ída Ingvarsdóttir og Prestur frá Miklabæ, kepptu fyrir GT-tækni. 2. sæti Birkir Atli Brynjarsson og Vorboði frá Akranesi, kepptu fyrir Ástu og Danna Skipanesi

Unglingaflokkur: 1. sæti Sara Katrín Benediksdóttir og Nikulás frá Blesastöðum, kepptu fyrir Beitistaðabúið. 2. sæti Logi Örn Axel Ingvarsson og Blær frá Sólvöllum, kepptu fyrir Norðurál. 3. sæti Telma Björk Jónsdóttir og Hringur frá Akranesi, kepptu fyrir Ferðapjónustuna Þórisstöðum

Kvennaflokkur: 1. sæti Stína Laacts og Austri frá Syðra-Skörðugili, kepptu fyrir Jón Eggertsson Eyri. 2. sæti Sigurveig Stefánsdóttir og Lykill frá Skipaskaga, kepptu fyrir Húsasmiðjuna. 3. sæti Ragnheiður Helgadóttir og Rómur frá Skipaskaga, kepptu fyrir Bílver ehf

Karlaflokkur: 1. sæti Ingibergur Jónsson og Ægir frá Efri-Hrepp, kepptu fyrir Hafsteinn Daníelsson ehf. 2. sæti Marteinn Njálsson og Ólympía frá Vestri-Leirargörðum kepptu fyrir Ferðapjónustuna Laxárþakka. 3. sæti Smári Njálsson og Míra frá Akranesi, kepptu fyrir Jón Valgeir Viggósson Bekaustöðum

Úrtaka fyrir Fjórðungsmót Vesturlands á Kaldármelum 2013 og Gæðingakeppni var haldin 03.06.2013 í Æðarodda og urðu niðurstöður þessar:

A-flokkur: 1. Prins frá Skipanesi, knapi Svandís Lilja Stefánsdóttir einkunn 8,44. 2. Niður frá Miðsitju, knapi Ólafur Guðmundsson einkunn 8,22. 3. Brjánn frá Akranesi, knapi Sigríður Helga Sigurðardóttir einkunn 8,12. 4. Taktur frá Fremri-Fitjum, knapi Benedikt Þór Kristjánsson einkunn 8,09. 5. Hreimur frá Reykjavík, knapi Valdís Ýr Ólafsdóttir einkunn 7,93

B-flokkur: 1. Völuspá frá Skúfslæk, knapi Torunn Hjervik einkunn 8,41. 2. Hlýri frá Bakkakoti, knapi Ólafur Guðmundsson einkunn 8,38. 3. Bruni frá Akranesi, knapi Sigríður Helga Sigurðardóttir einkunn 8,25. 4. Faldur frá Hellulandi, knapi Benedikt Þór Kristjánsson einkunn 8,13. 5. Hlynur frá Einhamri 2, knapi Snorri Elmarsson einkunn 7,94

Ungmennaflokkur ekki riðinn úrslit: 1. Svandís Lilja Stefánsdóttir og Brjánn frá Eystra-Súlunesi I einkunn 8,37. 1. Svandís Lilja Stefánsdóttir og Massi frá Melaleiti einkunn 7,70

Unglingaflokkur: 1. Viktoría Gunnarsdóttir og Ylur frá Morastöðum einkunn 8,08. 2. Logi Örn Axel Ingvarsson og Blær frá Sólvöllum einkunn 8,00. Þau kepptu bæði á tveimur hestum og stóðu sig líka mjög vel á þeim

Auk þess var Svandís Lilja Stefánsdóttir valin knapi mótsins, Brjánn frá Eystra Súlunesi valin, glæsilegasti hesturinn og Völuspá frá Skúfslæk var hæst dæmda hryssan.

Fjórðungsmót hestamanna var haldið á Kaldármelum 3-7 júlí 2013 Stóð hestamannafélagið Dreyri að því ásamt Hestamannafélögunum Faxe, Skugga. Glæð og Snæfelling og buðu þau félögunum á norðvesturlandi að vera með þ.e.a.s. Húnvetningum og Skagfirðingum. Fulltrúi okkar í undirbúningi fyrir fjórðungsmót var Valdimar H. Ólafsson og auk þess lögðu margir aðrir félagsmenn Dreyra hönd á plóginn til að mótið tækist sem best og ber ég þeim mínar bestu þakkir fyrir. Svandís Lilja Stefánsdóttir náði 1. sæti í ungmennaflokki á Brjáni frá Eystra Súlunesi með einkunnina 8,63 með glæsilegri sýningu og reiðmennsku. Þau áttu einnig kost á að taka þátt í b-úrslitum í tölti í flokki fullorðinna en þar sem sá dagskrárliður var strax á eftir úrslitum í ungmennaflokki urðu þau að draga sig úr keppni. Það var súrt því Svandís og Brjánn voru sannarlega til alls líkleg. Jakob Svavar Sigurðsson var valinn knapi mótsins. Var í 1. sæti í tölti á Eldi frá Köldukinn með 8,39. 2. sæti í B-flokki gæðinga á Stimpli frá Vatni með 8,99. 3. sæti í A-flokki gæðinga á Villa frá Gillastöðum með 8,56. Auk þess sýndi Jakob mikinn fjölda kynbótahrossa með góðum árangri og raðaði þeim í efstu sætin í sínum flokkum. Eins áttu félagsmenn okkar býsnin öll af kynbótahrossum á mótinu sem stóðu seig mjög vel. s.s. Sif og Hjörleifur Einhamri 2, Smári Njálson Akranesi og fleiri.

Mótanefnd Dreyra hélt opið íþróttamót í lok ágúst. Mótið gekk með hreinum ágætum og tókst vel í alla staði. Stjórn Dreyra og mótanefnd þakkar kærlega þeim félagsmönnum sem komu að þessu verki, bæði undirbúningi og að mótinu sjálfu, þó vissulega mættu fleiri gefa kost á sér við slík störf. Æskulýðsnefndin var með knapamerkja námskeið



sem 10 unglingar frá okkur sóttu. Reiðnámskeið fyrir börn á aldrinum 6 -12 ára . En því miður féll ferðin sem til stóð að fara með unglingana í æfingabúðir niður vegna of lítillar þátttöku. Á Youth Camp í Noregi fóru tveir unglingar frá okkur. Þau Viktoría og Arnór Hugi. Heimsmeistaramóti íslenska hestsins var haldið í Berlín í Þýskalandi dagana 4. - 11. ágúst 2013 Þar áttum við 2 fulltrúa þau Jakob Svavar Sigurðsson og Karen Líndal Marteinsdóttir. Frábært er að félagið geti stáð af slíku og var árangur þeirra til mikils sóma og Jakob kom svo heim með 2 silfur.

Á haustdögum var haldinn fundur í aðalstjórn ÍA, þar sem öll aðildarfélög ÍA sækja, og sótti formaðurinn þann fund og greindi frá starfi félagsins og helstu framtíðarsýn þess, t.d eins og þörfinni á reiðskemmu á svæðinu, reiðvegamállum og fleiru.

Formannafundur LH var haldinn í Reykjavík 19. – 20. október en öll hestamannafélög landsins eiga rétt á að senda fulltrúa á þann fund. Þar var kynntur „Allir sem einn“Sjálfbodaliðsvefur ÍSÍ sem er skráninga kerfi fyrir félagsmenn til að skrá vinnu sína fyrir félögin og hvet ég félagsmenn til að notfæra sér það. Öryggismál ; endurskin og umferðareglur. Velferð dýra og verkefnið “Klár í keppni”. Einnig var rætt um reiðvegamál og nýju kortasjá LH og TREK, nýja keppnisgrein, sem er nokkurskonar þrautakeppni sem getur hentað og náð til hins almenna reiðmanns, var kynnt og margt annað.

Stjórn Dreyra tilnefndi Jakob Svavar Sigurðsson sem íþróttamann félagsins fyrir árið 2013 og er þetta 5. árið í röð sem Jakob hlýtur þessa tilnefningu, enda er hann búinn að skipa sér í raðir allra bestu knapa landsins. Í öðru sæti í vali stjórnar var Svandís Lilja Stefánsdóttir. Rétt er að taka fram að Jakob varð fjórfaldur íslandsmeistari , auk þess sem hann fékk 3 tilnefningar í vali afreksknapa en það var kynbótaknapi,íþróttaknapi og Knapi ársins hann var kjörinn íþróttaknapi ársins á uppskeruhátíð LH. Svandís Lilja Stefánsdóttir fékk tilnefningu sem efnilegast knapi ársins. Það eru 5 einstaklingar sem fá tilnefningar í hverjum flokki árlega. Einnig er rétt að geta þess að Jakob Svavar

Sigurðsson var kjörinn Íþróttamaður Akranes árið 2013 og er þetta í fyrsta skipti sem fulltrúi Dreyra hlýtur þann titil. Stjórn Dreyra óskar þeim til hamingju með árangurinn á árinu sem og öðrum hestamönnum.

Framkvæmdir

Hvað vallahálin varðar þá var endanleg tillaga af svæðinu kynnt fyrir Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit í Apríl og var afgreidd af skipulags og umhverfisnefnd Akraneskaupstaðar þann 17.04.2013 var þá farið í að bjóða verkið út og í framhaldi af því ákveðið að ganga til samninga við Þrótt ehf. En þá kom upp sú staða að Akraneskaupstaður var ekki með þessa framkvæmd og þann samning sem gerður var 01.05.2010 inn á fjárhags-áætlun árið 2013 og hafa framkvæmdir tafist út af því en þær fara vonandi af stað núna alveg næstu daga.

Rúlluplast gámurinn frá Gámaþjónustu Vesturlands var tæmdur ná á dögnum og kom þá í ljós að í hann hafði verið sett fleira en rúlluplast eins og net, garn, timbur en slíkt er algjörlega óheimilt og komi það fyrir aftur þá verður hann fjarlægður nema félagið fari að greiða leigu og förgunar-kostnað. En nú er hann stað settur fyrir innan efri götuna og búið að fergja hann þar svo hann fjúki ekki.

Einnig vil stjórnin ítreka það að sunnan við félagsheimilið er eingöngu staði fyrir hestaflutningatæki sem eru á skrá (númerum).

Færanlega Hringgerðið sem félagar dreyra færðu félaginu að gjöf hefur verið lagfært og verður svo sett niður við Björnsgrundina þegar framkvæmdir hefjast ná vellinum núna á næstunni.

Að lokum

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru í starfi hestamannafélagsins Dreyra. Það eru ótal önnur erindi sem berast stjórn af ýmsu tagi sem við höfum reynt að sinna eftir bestu getu þó að þau rati ekki í skýrsluna, á heimasíðuna eða í tölvupóst til félagsmanna. Öllum sem starfa í stjórn og nefndum á vegum félagsins eru færðar bestu þakkir. Hvert vinnuframlag er dýrmætt og því fleiri sem hafa áhuga og vilja til að vinna fyrir félagið því betra og auðveldara fyrir alla hina. Við þurfum þó allaf að gæta þess að standa saman og standa vörð um félagið okkar, sem snýst um sameiginlegt áhugamál, þ.e íslenska hestinn. Það hlýtur að vera markmið allra félagsmanna. Stjórn Dreyra vill þakka öllum góðum félagsmönnum fyrir jákvætt viðmót, samstarfið og vinnuframlag þeirra. Sérstaklega vil ég þakka þeim Sigríði Helgu og Sigurði Ólafssyni sem hverfa nú úr stjórn fyrir vel unnin störf. Það er okkar von að Dreyri verði áfram félag í stöðugum vexti með gott starf og góðan liðsanda.

Hnefaleikafélag Akraness

Árið 2013 var fimmta starfsár HAK síðan það var formlega stofnað 28.febrúar 2008.

Stjórn HAK árið 2013

Formaður : Örnólfur Stefán Þorleifsson, formaður, Björn Helgi Guðmundsson, varformaður, J.Rakel Gísladóttir,



gjaldkeri, Stella Bára Eggertsdóttir, ritari, Jónas Heiðar Birgisson, meðstjórnandi.

Iðkendaþjöldinn á árinu 2013 var í kringum 50 manns, þeim var skipt niður í fjóra hópa:

Krakkabox, þjálfari: Arnór Már Grímsson, Fitnessbox, þjálfari: Alexander Maron Þorleifsson, Keppnishópur, þjálfari: Þórður Sævarsson, Jálkar, þjálfari: Örnólfur Stefán Þorleifsson.

Árið hófst að venju á móti hjá okkur á Akranesi, Hnefaleikafélag Akraness og Hnefaleikafélag Reykjavíkur/Mjöllnir stóðu að þessu sinni fyrir einu stærsta móti í sögu ólympískra hnefaleika á Íslandi. Mótið var haldið dagana 8. og 9. febrúar og var allt hið glæsilegasta þar sem margir af færustu boxurum þjóðarinnar öttu kappi við sterka hnefaleikamenn og konur frá bæði Danmörku og Grænlandi.

Mótið var haldið í tveimur hlutum, 8 febrúar í Íþróttahúsinu við Vesturgötu á Akranesi var fyrir hluti mótsins haldinn og daginn eftir, 9 febrúar fór seinni hlutinn fram í húsakynnum Mjöllnis að Seljavegi 2 í Reykjavík.

Aldrei hefur eins mörgum erlendum hnefaleikafélögum verið boðið til landsins í einu og var þetta því stórvíðburður og mikið af flottum leikjum. Félögin frá Danmörku sem komu til landsins voru Grindsted BK og Gladsaxe BK, félögin frá Grænlandi voru Fight club Nanoq og BK Qaqortoq. Til gamans má geta að Qaqortoq er vinabær Akraness á Grænlandi.

2013 var stórt ár fyrir hnefaleika á Íslandi því 10 ár voru frá fyrsta löglega mótinu sem haldið var í ólympískum hnefaleikum síðan þeir voru leyfðir aftur eftir 47 ára bann. Einnig var 10 ára afmæli Hnefaleikafélags Reykjavíkur sem er í dag hluti af Mjöllni og 5 ár frá formlegri stofnun Hnefaleikafélags Akraness.

Í Reykjavík þann 9.febrúar kepptu þeir Hróbjartur, Abdullah og Marínó allir aftur. Þá fór Hróbjartur gegn Ali Younisi frá Gladsaxe BK og tapaði 3-0, Abdullah keppti aftur við Mads P.Christensen frá Nuuk BK og fór viðureignin á sama máta og daginn áður eða 2-1 fyrir Mads. Marínó keppti svo aftur við Martin Jensen frá Gladsaxe BK og sú viðureign fór líka eins og daginn áður eða RSC Martin í vil.

Aðrar Keppnir og viðburðir innanlands

Þann 8.mars var mót í Hnefaleikastöðinni á vegum Hnefaleikafélagsins Æsir og að þessu sinni kepptu þeir Hróbjartur, Abdullah, Marínó og Guðmundur Bjarni fyrir

hönd HAK. Hróbjartur landaði 3-0 sigri á Hauk Borg Þórisssyni frá Ásum, Abdullah tapaði RSC gegn Aroni Frey Arnarssyni frá Ásum, Marínó rapaði RSC gegn Kristjáni Alex Kristjánssyni frá Ásum og Guðmundur tapaði naumlega 2-1 gegn Magnúsi Bjarka Snæbjörnssyni frá Hnefaleikafélagi Laugdæla.

Íslandsmeistaramótið í Hnefaleikum fór fram í aðstöðu Mjölnis laugardaginn 11.maí og voru þar saman komnir margir af færustu boxurum landsins. Arnór Már Grímsson frá Hnefaleikafélagi Akraness vann sigur á Ómari Mehmeth Annisius frá Hnefaleikafélagi Reykjavíkur. Dómarar skorðu leikinn 2-1 Arnóri í vil og eftir drengilega baráttu vann Arnór sinn annan Íslandsmeistaratitil í ólympískum hnefaleikum. Einnig var þetta annar Íslandsmeistaratitillinn sem Hnefaleikafélag Akraness skilar í hús. Á Íslandsmeistaramótinu kepptu einnig Hróbjartur Trausti sem tapaði sínum leik naumlega 2-1 gegn Ásgeri Guðmundssyni frá Hnefaleikafélagi Reykjaness. Gísli Kvaran tapaði á móti sínum andstæðingi Hauk Borg frá Hnefaleikafélaginu Æsir 3-0 í úrslitaviðureign og einnig tapaði Marínó Elí 2-1 á móti Kristjáni Alex Brynjarssyni frá Hnefaleikafélaginu Æsir.

Þann 18.október var móti í Hnefaleikastöðinni á vegum Hnefaleikafélagsins Æsir og fyrir hönd HAK kepptu þau Margrét Ásgerður Þorsteinsdóttir, Marínó Elí og Guðmundur Bjarni.

Margrét fór gegn Isabellu Chortzen og sigraði með yfirburðum 3-0, Marínó tapaði með TKO í 3 lotu gegn Jakob Sandford. Guðmundur Bjarni mætti Magnúsi Bjarka aftur og gjörsigraði hann 3-0.

Hnefaleikafélag Akraness fór ásamt félögum sínum í Hnefaleikafélaginu Æsir í æfingabúðir í Ölver þann 5.október. Skemmst er frá að segja að mikið var æft, sprellað og hlegið.

Aðstöðumál

Það sem gerðist í aðstöðumálum árið 2013 er að við smíðuðum stiga í loftið í gryfjunni til að gera ýmsar æfingar, fengum sófasett í kaffiðstöðuna okkar, nýjann búnað s.s ketilbjöllur, hanska, sippubönd o.fl.

Íþróttafélagið Þjótur

Stjórn Þjóts 2012-2013: Sylvía B. Kristinsdóttir formaður, Harpa Sif Þráinsdóttir ritari, Sigurlaug Njarðardóttir gjaldkeri, Hörður Svavarsson og Soffía M. Pétursdóttir meðstjórnendur. Varamenn: Sigurður Arnar Sigursson og Lindberg Már Scott

Aðalfundur Þjóts haldinn í Brekkubæjarskóla 16. Apríl. 2013. Fundarstjóri: Andrés Ólafsson. Á dagskrá fundar voru hefðbundin aðalfundarstörf. Ársskýrsla lesin, gjaldkeri gerði ársreikningum góð skil. Umræður um ársskýrslu og ársreikninga, samþykkt einróma. Kosning um stjórnarmeðlim, Harpa Sif Þráinsdóttir ritari til margra ára gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Tillaga var um Sigríði Þórdísi Reynisdóttur og var það samþykkt með lófataki fundargesta. Lindberg Már Scott í varastjórn gaf ekki kost

á sér áfram og var tillögu stjórnar um Emmu Rakel Björnsdóttur í hans stað samþykkt samhljóða. Hörpu Sif og Lindberg voru þökkustörf þeirra í þágu félagsins. Fundarstjóri sleit fundi og boðið var upp á veitingar. Alls mættu 22 manns á fundinn.

Stjórn félagsins starfsárið 2013-2014 er því þannig skipuð: Sylvía B. Kristinsdóttir formaður, Soffía M. Pétursdóttir ritari, Sigurlaug Njarðardóttir gjaldkeri, Hörður Svavarsson og Sigríður Þórdís Reynisdóttir meðstjórnendur. Varamenn: Sigurður Arnar Sigursson og Emma Rakel Björnsdóttir

Stjórnarfundir félagsins á árinu voru 9 talsins auk aðalfundar: 14.jan, 27.feb, 2.apríl, 16.apríl (aðalfundur), 2. maí, 22.ágúst, 17. Sept, 15. Okt. 14. Nóv.

Fjárfélagir og fjármálaleg staða

Meðfylgjandi eru ársreikningur félagsins fyrir starfsárið. Félagið er vel stöndugt peningalega séð. Innkoma er af félags- og æfingagjöldum félagsmanna og iðkenda. Fjáröflun-, Árleg jólakortasala, hefur oft gengið betur. Hugmynd var um að félagið myndi sækjast eftir að fá að standa vaktir á Þorablóti Skagamanna. Félagið hefur ekki tekið aðrar fjárfélagir inn á borð til sín. Styrkur frá Akraneskaupstað til barna og unglingastarfs. Styrkur að upphæð 100.000 krónur til þeirra félaga sem hafa eignast íslandsmeistara á árinu. Styrkur frá ÍA, auk Lottótekna

Iðkendaþjöldi, flokkar og þjálfaramál

Iðkendaþjöldi þar er örlítill endurnýjun og fólk að taka sér hlé og kemur svo aftur til æfinga. Alls væri hægt að tala um 30-40 manna hóp ef allir eru taldir með. Að jafnaði eru um 30 einstaklingar í tveimur hópum, það er yngri og eldri hóp. Iðkendur eru blandaður hópur á öllum aldri, sá yngsti 6 ára.

Þjótur bauð upp á æfingar í eftirtöldum íþróttgreinum á starfsárinu og hófust æfingar í byrjun janúar á vorönn. Haustæfingar hófust í byrjun september. Þjálfarar greina voru eftirfarandi: Boccia: Freyja Þöll Smáradóttir og Sigurður Hrafn Smáason, æfingar 2 sinnum í viku Keila: Eldri og yngri hópur í samvinnu við Keilufélag Akraness 1 sinni í viku hvor hópur. Sund: Eldri og yngri hópur,



æfingar 2 sinnum í viku hjá báðum hópum. Þjálfarar Ágúst Júlíusson(eldri) og Eyrún Reynisdóttir (yngri).

Á haustönn var boðið upp á: Boccia: Freyja Þöll Smáradóttir og Sigurður Hrafn Smárason, æfingar 2 sinnum í viku Sund: Eldri og yngri hópur, æfingar 2 sinnum í viku hjá báðum hópum. Þjálfarar: Eyrún Reynisdóttir (eldri/yngri) og Steinunn Traustadóttir(yngri). Þrek: Anna Sigfríður Reynisdóttir einkaþjálfari 1x í viku.

Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

Lionsmenn og Þjótur héldu sitt sameiginlega mót í boccia 20 janúar, góð mæting félaga en 6 félög mættu til leiks. Gáski 2 sveitir, Nes með 3 sveitir, Ösp með 3 sveitir, ÍFR með 3 sveitir, Fjörður með 2 sveitir og Þjótur með 3 sveitir. ÍFR gerði sér lítið fyrir og vann öll verðlaunin. Meðlimir stjórna sóttu m.a. Sambandsþingið í mars. Sigurlaug og Soffía fóru. Kynningarnámskeið Key habits fulltrúar aðildarfélaga ÍA. Markmiðssetning með Brynjari Karli. Soffía og Sylvía mættu fyrir hönd félagsins

Aðalfundur ÍA var haldinn 19. apríl. Fulltrúar Þjóts sóttu fundinn, Soffía og Sylvía Þátttaka og gengi í mótum.

Nýársmótið í sundi Laugardalslaug 5. Janúar. 4 keppendur, ekki unnið til verðlauna en allir fengu viðurkenningar.

RIG 18-20 janúar. 7 keppendur í sundi. Anton, Áslaug, Emma, Addi, Laufey, Stefán og

Sindri. Laufey María 3. Sæti 50 flug. 3. Sæti 50. bak

Íslandsmeistaramót 19-21 apríl sveitakeppni BOCCIA. Þjótur sendi 1 lið í hverja deild.(1.2. og 3 deild). Ekki var unnið til verðlauna að þessu sinni.

Íslandsmeistaramót í sundi Hafnarfirði 50 m laug. Anton Kristjánsson 3. sæti í 50 flug. Laufey

María Íslandsmeistari í 400 skrið. 2. Sæti í 100 skrið, 3. Sæti í 100 bak,

Aspasmótið í sundi Laugardalslaug, 13. Maí. Áslaug, Emma Rakel, Ívar Hrafn, Laufey María,

Rebekka og Sindri. Þessi náðu í verðlaun: Áslaug 2. Sæti 50 bringa, Emma Rakel 2. Sæti 50 bak, Laufey María 2. Sæti í 50 skrið, Sindri 1. Sæti 50 skrið.

Hængsmótið Boccia, Akureyri 3-5 maí 6 keppendur frá Þjóti. Ágætisgengi hjá okkar fólki en ekki var unnið til verðlauna að þessu sinni.

28. sept Fjarðarmót í sundi. Áslaug 3 sæti 50 bak, Emma 2. Sæti 50 skrið og 3. Sæti 50 bak, Laufey 1. sæti í 50 bak, 3. sæti í 100 skrið, 3. sæti í 100 fjór.

12. okt Laugardalslaug Erlingsmót í sundi Freyr, Sindri og Emma Rakel sem lenti í 4. sæti í 50 bak.

Íslandsdóttir í Boccia Sauðárkrúkur 24-27 okt. Sigurður Smári Kristinsson Íslandsmeistari í

BC 1-4. Vann alla sína 5 leiki. Lindberg Már Scott 1. sæti í sínum riðli og endaði í 6. sæti í 2. deild.

Árangur annarra keppenda: Guðmundur Örn(Addi) 2. Sæti í 5 riðli í 1. Deild, Emma Rakel 4. sæti í 1 riðli í 3. Deild. Jón(Jonni) 5. Sæti í 5 riðli í 3. Deild. Kristmundur 4. Sæti í 1 riðli í 4. deild. Anton 2. Sæti í 4 riðli í 6.deild.

Lionsmót 20. Nóv Tímasetning hentaðiekkí Lionsmönnum (verður í feb 2014)

Íslandsmeistaramót í 25. M laug 23-24. Nóv. Emma, Freyr, Laufey, Stefán og Sindri. Laufey Íslandsmeistari í 400 skrið, 3.sæti 100 skrið, 3.sæti 200 skrið

Innanfélagsmót Þjóts í boccia. Guðmundur Örn Björnsson hafði betur í úrslitaleik gegn Áslaugu Þorsteinsdóttur.

Viðurkenningar og tilnefning til íþróttamanns Akraness valið af þjálfurum og stjórn félagsins.

Hvatningabíkar ÍF, hann hlaut Laufey María Vilhelmsdóttir,

Minningarbíkar um Lýð Hjálmarsson kom í hlut Emmu Rakelar Björnsdóttur. Hvatningarbíkar Þjóts, yngri iðkendur, úthlutað í 3ja sinn, Rebekka Sveinbjörnsdóttir. Íþróttamaður Þjóts Sigurður Smári Kristinsson, sem einnig var tilnefndur til kjörs á íþróttamanni Akraness fyrir árið 2012.

Framtíðarsýn og aðrar hugleiðingar

Að félagið geti boðið upp á fjölbreytilegt íþróttastarf til að mæta óskum iðkenda þannig að iðkendur eflist í félagslegum tengslum og fái að stunda ákveðnar íþróttagreinar á jafningjagrundvelli. Samvinna aðildarfélaga ÍA. Laufey María æfir sund og keppir í flokki S-14 með Sundfélagi Akraness og keppir fyrir hönd Þjóts á sundmótum þess má geta að á Uppskeruhátíð Sundfélags Akraness, sem var haldin um miðjan desember hlaut hún hinn eftirsótt titil Félagabíkarinn, en sá bíkar er veittur þeim sem hvetur liðsfélaga sína og er góð fyrirmynd félaga sinna og er til fyrirmyndar innan sem utan laugar.

Samstarf sundfélags SA og Þjóts til að halda utan um árangur keppenda í sundi Sundfélagið tók vel í beiðnina (og eigum við eftir að útfæra nánar). Yngri og eldri hóp var boðið upp á danskennslu 1 sinni í viku á haust- og vor önn í samvinnu við Dansstúdíó Írisar. Námskeiðin stóðu yfir í 6 – 8 vikur og voru 2 námskeiði í boði og voru þau áætlega sótt. Áhugi er fyrir áframhaldandi samstarfi ef næg þátttaka er fyrir hendi. Tilraun var gerð til að bjóða upp á borðtennis en ekki reyndist nægur áhugi og því féll það um sjálft sig. Ákveðið var að taka frí frá keilu og bjóða þrek í staðinn. Iðkendur voru hvattir til að prófa íþróttagreinar annarra aðildarfélaga.

Stjórn lagði til að tekinn yrði upp mætingarlisti á æfingar félagsins vegna slakrar mætingar, vegna þátttöku á mótum. Búningaumuræður-liðsheild allir eins. Ferðamáti að fara saman sem liðsheild á mót. Æfingagjöld hækkuð úr 10000 kr í 12000 kr-önnin. Félagsgjöld 1500, Greiðsluþátttaka félagsins fyrir eldri iðkendur sem þurfa á aðstoðarmanni að



halda í keppnisferðum. Heimasíða félagsins-virkja betur og setja inn myndir. Hugað að íþróttagreinum eins og Dansi-keilu-þreki-borðtennis-Myndir af mótum og keppnisferðum svo og starfi félagsins.

Lokaorð og þakkir

Árið 2013 var í heildina mjög gott, öflugt íþróttafólk sem mikils má vænta af á næstu árum ef það heldur áfram á sömu braut. Eitt af meginmarkmiðum félagsins er að bjóða upp á íþróttir fyrir sem flesta, óháð aldri. Með von um að sem flestir iðkendur finni eitthvað við sitt hæfi og þannig byggt upp góða sjálfsmynd í gegnum leik og keppni við jafningja. Félagsmönnum, þjálfurum, aðstoðarmönnum og starfsmönnum íþróttamannvirkja þökkum við ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári og velunnurum félagsins færum við þakkar fyrir stuðninginn á árinu.

Karatefélag Akraness

Aðalfundur KAK var haldinn 9. apríl 2013 í íþróttahúsinu Jaðarsbökkum. Á fundinum var kosinn nýr formaður og meðstjórnandi en fráfarandi stjórnarfélagi þökk- uð vel unnin störf. Stjórn KAK árið 2013: Formaður: Eydis Líndal Finnbogadóttir. Gjaldkeri: Kristjana Helga Ólafsdóttir. Meðstjórnendur: Finnbog Gunnlaugsson, Sólrún Eiríksdóttir og Salbjörg Reynisdóttir

Aðalþjálfari KAK síðustu 10 árin hefur verið Einar Hagen (5. dan) en hann þjálfar einnig hjá Karatedeild Breiðabliks og er starf hans því samvinna þessara félaga. Einar kennir framhaldshópi barna og fullorðinna hjá KAK. Á árinu 2013 voru það þær Elsa María Guðlaugsdóttir (1. kyu) og Sólrún Eiríksdóttir (1. kyu) sem voru kennarar í karate-skólanum á vorönn, en Sólrún sá um kennsluna á haustönn. Auk ofangreindra hefur Eydis Líndal Finnbogadóttir (2. dan) og Hafdis Helgadóttir (1. dan) séð um afleysingar og aukaæfingar. Allir þjálfarar í Karate þurfa, líkt og í öðrum íþróttum, að vera sérhæfðir innan íþróttarinnar og hafa mikla reynslu og þekkingu á henni.

Karate er íþrótt sem byggir á aldargamalli sjálfsvarn- artækni. Íþróttina er hægt að stunda frá barnsaldri fram á eldri ár. Margir tala því frekar um karate sem lífsstíl fremur en íþrótt.

Gráðanir

Gráðanir eru einskonar stöðupróf sem iðkendur í karate taka einu sinni til tvisvar á ári. Hjá KAK eru gráðanir gjarnan nýttar til að veitta viðurkenningar fyrir góða mætingu og framfarir í barnahópunum. Hjá KAK voru tvennar gráðanir á árinu 2013, 26. maí var vorgráðun en við það tækifæri var það Marijonas Valdas Varkulevicius sem fékk við- ukenningu. 13. desember var svo vetrargráðunin og við það tækifæri fékk Birgitta Káradóttir viðurkenningu fyrir mestu framfarir á haustönninni. Í framhaldi af gráðuninni bauð félagið upp á pizzuveislu fyri alla auk þess að börnum og unglingum var boðið í Keilu og leiki í Þorpinu.



Starfið og æfingarnar

Um 50 iðkendur voru hjá Karatefélagi Akraness á árinu 2013. Æfingar eru að jafnaði 3. sinnum í viku fyrir fram- haldshópa en tvisvar í viku fyrir karateskólann. Æfingar fara fram í speglasalnum í íþróttahúsinu Vesturgötu, Akranesi. Boðið var upp á byrjendanámskeið fyrir börn og fullorðna á vor og haustönn. Á árinu var lögð áhersla á grunnkarate en æft er samkvæmt JKA Shotokan karatestílnum. Hjá félaginu er að jafnaði lögð áhersla á allar grunngreinar karate þ.e. grunnþjálfun, Kata og Kumite. Hjá Karateskólanum sem er fyrir börn er einnig lögð aukin áhersla á leiki með þjálfuninni. Þar sem karate er íþrótt sem hægt er að stunda alla ævi er íþróttin vel við hæfi sem fjölskyldusport enda eru dæmi um að margir úr sömu fjölskyldu, ungir sem aldn- ir séu saman á æfingu.

Í lok árs tók stjórn KAK þá ákvörðun að færa vefsíðu félagsins úr því umhverfi sem verið hafði og er heimasíða félagsins nú hluti af vef íþróttabandalags Akraness, ÍA. Með þessu sparar félagið talsverðan hýsingarkostnað auk þess að auðveldara er að eiga við vefsíðuna. Fengin var aðstoð frá ÍA við að færa efni milli síðana. Þrátt fyrir heimasíðu KAK er það facebook síða félagsins sem er helsti samskiptamiðill þess. Á facebook eru settar inn helstu tilkynningar um æfingar og dagkrá, fréttabréf og fréttir af starfinu. Almennt var starfið á árinu 2013 gott en þó hefur iðkendum fækkað frá því sem verið hefur og kunna að vera ýmsar skýringar á því s.s. aukið framboð jaðaríþróttar á Akranesi. Á nýju ári mun því þurfa að leita nýrra leiða til að hvetja nýja iðkendur til að reyna sig við íþróttina. Skráning í Karatefélag Akraness er í gegnum NORA kerfi ÍA og eru æfingargjöld greidd í gegnum það kerfi. Tólmstunda ávís- anir Akraneskaupstaðar má nýta upp í æfingargjöld og er það innbyggt í NORA.

Þann 1. maí 2013 var haldin vina og fjölskylduæfing hjá KAK þar sem iðkendum var boðið að taka með sér gest á æfingu. Nokkuð v el mennt var á æfingunni og munu svona æfingar vafalaust verða haldnar aftur . Myndin hér til hliðar er tekin á æfingunni. Innanfélagsmót var haldið hjá KAK 18. maí þar sem allir sem vildu innan félagsins kepptu í KATA. Mótið var haldið í Íþróttahúsinu Jaðarbökkum og voru þjálfarar félagsins dómarar

Sameiginlega æfinga- og skautafeið var haldin þann 30. nóvember. Í ferðinni voru iðkendur karateskólans og framhaldshóps barna. Farið var á æfingu hjá karatdeild Breiðabliks, farið á skauta í Laugardalnum og borðuð Pizza áður en allir héldu glaðir heim.

Nokkrar æfingabúðir haldnar á vegum Karatesambandsins Íslands eða annara félaga sem iðkendur frá KAK tóku þátt í þar má nefna æfingabúðir með Richard Amos (7. dan) í apríl í Rvk og æfingabúðir í Noregi í júní og æfingabúðir með Pat McLuskey KAK sendi keppendur aðeins á eitt mót á árinu 2013 sem var heldur minna en verið hafði árin á undan. Nokkrir iðkendur kepptu á Íslandsmeistaramóti barna og unglinga sem haldið var þann 19. febrúar 2013.

KAK skilaði inn sterkum hópi keppenda og hlutu eftirfarandi iðkendur KAK verðlaun í sínum aldursflokkum:

Á unglingamótinu urðu Bjartur, Guðbjörg og Karitas í 3 sæti í hópka.

Á barnamótinu voru verðlaunin aðeins fleiri enda keppendur fleiri.

- Eiríkur varð í 3 sæti í einstaklingskata 10 ára
- Haukur, Daníel og Óli urðu í 3. sæti í hópka 9 ára.
- Eiríkur, Sylvía og Krístrún urðu íslandsmeistarar í hópka 10—11 ára.
- Sylvía varð Íslandsmeistari í einstaklingskata 11 ára.

Einnig varð KAK í öðru sæti í heildarstigum félaga á mótinu.

Árangur á mótum árið 2013

Karatekona KAK árið 2013 var útnefnd Hafdís Helgadóttir (1. dan). Útnefningin er valin af þjálfurum félagsins í samvinnu við stjórn. Hafdís hefur stundað karate frá unga aldri og hefur verið ein af helstu fullorðins keppendum félagsins síðustu ár. Hafdís hefur jafnframt komið að þjálfun hjá félaginu og er verðug fyrirmynd fyrir unga iðkendur. Hafdís Erla Helgadóttir með viðurkenningu fyrir Karatekonu ársins hjá ÍA 2013.

Dómaramál og KAI

Við þátttöku á mótum á vegum karatesambands Íslands (KAI) er öllum félögum sem senda keppendur á mótin gert að senda dómara. Staða dómaramála hjá KAK á árinu 2013 var ekki góð, en félagið hefur aðeins tvo dómara í Kata til að senda á mót en það eru þau Eydís Línal Finnboadóttir A. dómari og Tómas Árnason B. dómari. Félagið á, sem stendur, engan virkan Kumite dómara. KAI heldur reglulega námskeið fyrir dómara og á næstu árum þarf að vinna að því að fjölga dómurum félagsins bæði í Kata og Kumite til að tryggja þátttökuréttindi félagsins á mótum. Þá má einnig nefna að starfsmenn á mótum hafa að jafnaði komið úr hópi foreldra iðkenda, en starfsmenn starfa við skráningu stiga á ritaraborðum. Aðstoð foreldra á mótum er jafn nauðsynleg og þátttaka dómara og því þarf félagið einnig að hafa lista yfir foreldra sem eru viljugir til að leggja félaginu lið með vinnu á mótum. Undir KAI starfa, auk stjórnar KAI, nokkrar nefndir. Frá KAK var á árinu 2013 einn þátttandi í nefndum KAI en Eydís Línal var starfandi í landsliðsnefnd.

Keilufélag Akraness

Fyrir utan hefðbundna deildarkeppni og unglingastarfsemi byrjaði árið með Rig (Reykjavík International Games). Þar tóku nokkrir skagamenn þátt en bestum árangri náðu Skúli Freyr Sigurðsson sem lenti í 6.sæti og Þorleifur Jón Hreiðarsson sem lenti í 10.sæti.

Í lok janúar fór fram Bikarkeppni KLÍ 8 liða úrslit þar sem að ÍA átti 2 lið. Í Keilusalnum á Akranesi unnu Skagamenn í ÍA lið KFR-Lærlinga 3 -1. Í Keiluhöllinni Öskjuhlíð tóku KFR-Þrestir á móti ÍA-W og máttu setta sig við tap 1 - 3.

Á Íslandsmóti Einstaklinga sem haldið var í febrúarbyrjun þurfti Skúli Freyr Sigurðsson ÍA að lúta í lægra haldi fyrir Hafþóri Harðarsyni ÍR. Skúli lenti í 2.sæti með 217.9 að meðaltali. Var hver leikur í járnum og eftir úrslitaleikina 3 var Hafþór með 672 stig en Skúli með 660 stig.

Íslandsmót Unglinga var haldið í lok febrúar og Íslandsmeistarar unglinga 2013 í stúlknaflökki urðu Katrín Fjóra Bragadóttir ÍR opinn flokkur, Hafdís Pála Jónasdóttir KFR 1. flokki og Natalía G. Jónsdóttir ÍA lenti í 3.sæti, Jóhanna Guðjónsdóttir ÍA 2. flokki, Sunneva Sól Sigurðardóttir ÍR 3. flokki, Elva Rós Hannesdóttir ÍR 4. flokki. Íslandsmeistarar unglinga 2013 í piltaflokki voru Andri Freyr Jónsson KFR opinn flokkur, Hlynur Örn Ómarsson ÍR 1. flokki, Gylfi Snær Sigurðsson ÍA 2. flokki, Jökull Byron Magnússon KFR 3. flokki, Jóhann Ársæll Atlason ÍA 4. flokki og Arnar Daði Sigurðsson lenti í 2.sæti í 4.flokki og Sölvi Steinn Bjarkason ÍR 5. flokki.

Í byrjun mars var haldið Íslandsmót einstaklinga með forgjöf. Eftir milliriðil var Vilborg Lúðvíksdóttir ÍA efst áfram en karlarnir frá ÍA náðu ekki í úrslitakeppni að þessu sinni. Vilborg lenti í 2.sæti og þurfti að láta í minni pokann fyrir Hafdís Pálu Jónasdóttur KFR.

Unglingalandslið Íslands í keilu tók þátt í Evrópumóti unglinga sem haldið var í borginni Vín í Austurríki dagana 23. mars - 1. Apríl. 6 keppendur voru sendir á mótið, 4 piltar og 2 stúlkur. Aron Fannar Benteinsson var eini keppandinn frá ÍA að þessu sinni en aðrir keppendur voru Guðmundur Ingi Jónsson ÍR, Hafdís Pála Jónasdóttir KFR, Hlynur Örn Ómarsson ÍR og Katrín Fjóra Bragadóttir ÍR. Aron Fannar og Hlynur Örn tóku þátt í sínu fyrsta landsliðsverkefni, en þetta var önnur ferðin hjá hinum keppendum. Á mótinu



var keppt í tvímenningakeppni, liðakeppni og einstaklingaskeppni. Þjálfari liðsins var Guðmundur Sigurðsson formaður KFA og Skúli Freyr Sigurðsson einn af þjálfurum KFA var honum til aðstoðar. Ferðin tókst vel í alla staði þó ekki næðu íslensku keppendurnir á pall.

2.apríl fór fram Bikarkeppni KLÍ 4 liða úrslit þar sem að ÍR-KLS vann ÍA 3 - 1 í Keilusalnum á Akranesi. ÍR-KLS vann fyrstu tvo leikina 802 gegn 747 og 836 á móti 720. ÍA vann síðan þriðja leikinn 798 á móti 749, en ÍR-KLS tryggði sér loks sæti í úrslitunum með 829 á móti 766. Samtals spilaði ÍR-KLS 3.216 en ÍA 3.031. ÍA-W vann ÍR-L 3 - 0 í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð. ÍA-W vann fyrsta leikinn með 762 á móti 704, liðin gerðu jafntefli í öðrum leiknum með 682, ÍR-L vann þriðja leikinn með 749 gegn 681 og ÍA-W vann síðasta leikinn með 743 á móti 713. Samtals spilaði ÍA-W 2.868, en ÍR-L 2.848.

6.apríl fór fram síðasta umferð í Meistarakeppni Ungmenna en þar safna unglingarnir saman stigum yfir veturinn. Frá ÍA náðu tvíburarnir Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir og Gunnar Ingi Guðjónsson fyrsta sæti í 3.flokki stúlkna og pílta. Arnar Daði Sigurðsson náði efsta sæti í 4.flokki pílta.

Í lok apríl fór fram keppni þar sem að sigurvegarar vinna rétt á að keppa í AMF WORLD CUP 2013. Bestum árangri náði Skagamanna náði Magnús Sigurjón Guðmundsson en hann lenti í 4.sæti. Sigurvegarar mótsins voru Guðný Gunnarsdóttir ÍR og Arnar Sæbergsson ÍR.

Fyrir úrslitakeppni í Íslandsmeiðmóti unglingaliða var ÍA 1 í efsta sæti eftir þær 5 umferðir sem leiknar voru yfir veturinn en náði ekki að keppa til sigurs í úrslitum. Í gegnum árin hefur ÍA verið ansi nálægt þessu markmiði en ekki tekist en fullur ásetningur er fyrir að ná þessum titli fyrir en seinna.

Í úrslitakeppni Bikarkeppni KLÍ unnu nýkrýndir Deildarog Íslandsmeistarar ÍR-KLS unnu lið ÍA-W í spennandi viðureign í karlaflokki sem fór í fjóra leiki og endaði 3 - 1. ÍR-KLS vann fyrstu tvo leikina, fyrri leikinn með aðeins 5 pinnum með 811 á móti 806 hjá ÍA-W og annan leikinn með 898 á móti 830. ÍA-W voru þó ákveðnir að gefast ekki upp og unnu þriðja leikinn með 855 á móti 800. Lið ÍR-KLS tryggði sér síðan sigurinn með stórleik í fjórða leiknum með 908 á móti 832. Samtals spiluðu ÍR-KLS 3.424 sem gerir 214 að meðaltali í leik og ÍA-W spilaði samtals 3.323 sem er 207,69. Sannarlega glæsileg spilamennska í þessum úrslitaleik. Magnús Magnússon ÍR-KLS spilaði 908 í þessum fjórum leikjum, Andrés Páll Júlíusson ÍR-KLS spilaði 852, Sigurður Þ. Guðmundsson ÍA-W spilaði 848, Árni Geir Ómarsson ÍR-KLS spilaði 836, Hörður Einarsson ÍA-W var með 834, Snorri Harðarson ÍA-W með 824, Þorleifur J. Hreiðarsson ÍA-W með 817 og Arnar Sæbergsson ÍR-KLS kom inn á í síðasta leik og spilaði 257.

Í Deildarkeppni liða þá gekk konunum ekki vel að þessu sinni og enduðu í næst neðsta sæti með 79.5 stig. Körlunum gekk nokkuð betur og í 1.deild karla endaði KFA ÍA í 3.sæti með 237,5 stig og KFA-ÍA-W lenti í 4.sæti með 207,5 stig. Í 2.deild karla í B riðli enduðu KFA ÍA-B í neðsta sæti með 130,5 stig.

Starfsemi Keilufélags Akraness er lítil yfir sumartímann. Nokkrir einstaklingar koma í salinn til að æfa sig en

flestir fara í frí. En haustið byrjaði svo með trukki þar sem að KFA ÍA-W urðu Meistarar Meistaranna. ÍA-W tryggði sér sigur í karlaflokki í Meistarakeppni KLÍ 2013 sem fram fór í Keiluhöllinni í Egilshöll 11. September og voru Skagamenn að vinna keppnina í fyrsta sinn. Til Meistarar Meistaranna keppa Íslandsmeistarar liða og Bikarmeistarar en sé það sama liðið skal það keppa á móti því liði sem varð í 2.sæti í Bikarkeppninni. Lið ÍA-W sem hafnaði í 2. sæti í Bikarkeppni liða vann Íslands- og Bikarmeistararana úr ÍR-KLS með 2.197 gegn 2.121. Skagamenn byrjuðu betur og unnu fyrsta leikinn með 109 pinnum og ÍR-KLS náði ekki að vinna upp forskotið. Hæstu seríur kvöldsins áttu Skúlli Freyr Sigurðsson ÍA-W með 667 og Magnús Magnússon ÍR-KLS 603, Magnús S. Guðmundsson ÍA-W spilaði 555 og Sigurður Þ. Guðmundsson ÍA-W spilaði 526.

Félagar úr ÍA hafa verið duglegir í gegnum tíðina að taka þátt í Íslandsmeistarar Para. Þar þarf fólk í pari ekki endilega að vera í sama félagi. Skúli Freyr Sigurðsson ÍA og Linda Hrönn Magnúsdóttir ÍR lentu í 3.sæti á þessu móti sem haldið var í byrjun nóvember.

Á Norðurlandamóti 23 ára og yngri, NYC 2013, sem fór fram í Malmö í Svíþjóð, dagana 6. - 10 nóvember 2013 átti ÍA einn fulltrúa. Skúli Freyr Sigurðsson fór ásamt 7 öðrum og fór einnig formaður Keilufélagsins Skúla til stuðnings.

Starfsemi haustsins hefur svo verið með hefðbundnu sniði en stærsta fréttin er olíuvélin Kägel Custodian sem að félagið festi kaup á og gerir okkur samkeppnishæf við Reykjavíkursvæðið. Þannig geta iðkendur æft sig við sömu aðstæður og iðkendur í Reykjavík og verið þannig betur í stakk búin þegar til keppni kemur.

Fjöldi iðkenda í keilu er svipaður og undanfarin ár. Þó þarf að huga að því fyrir veturinn 2014-2015 að reyna að fjölga stúlkum í keilu og er áætlað að halda sérstakan æfingadag þar sem að strákar mega bjóða með sér einhverri stúlkunni, jafnvel fleiri en einni, til að kynna íþróttina fyrir þeim.

Feban hefur haldið áfram að vera með 2 fastar æfingar á viku en Þjótur fór á aðrar slóðir í haust og fannst okkur það mikill missir þar sem að margir gleðigjafar eru í Þjóti svo undirrituð hefur ekki fengið eins mörg bros og knús og hún er vön en eftir áramótin, vor 2014 er þó boðið uppá 1 æfingu í viku.

Knattspyrnufélag ÍA

Árið 2013 var Knattspyrnufélagi ÍA erfitt. Gengi meistaraflokks karla var lélegt og endaði liðið á því að falla um deild. Þjálfaraskipti hjá meistaraflokk voru í júní þegar Þórður Þórðarson sagði upp störfum sem yfirþjálfari félagsins og þjálfari meistaraflokks. Honum er sérstaklega þakkað fyrir góð störf í þágu félagsins. Þorvaldur Örlygsson var ráðinn í kjölfar brottfarar Þórðar, en því miður náði liðið sér aldrei á strik. Fyrir síðasta deildarleik liðsins ákvað formaður stjórnar og formaður afreks sviðs, ásamt Þorvaldi, að báðir aðilar myndu leita á ný mið að tímabili loknu. Þorvaldi er þakkað fyrir framlag sitt til knattspyrnunnar á Akranesi. Gunnlaugur Jónsson var þá ráðinn þjálfari liðs-

ins í október og er stjórn KFÍA sannfærð um að ráðning Gunnlaugs sé gæfuspor í þeirri uppbyggingu sem framundan er. Samhliða því óskaði Gunnlaugur eftir nýjum aðstoðarþjálfara og varð það úr að Dean Martin, aðstoðarþjálfara var sagt upp störfum í október. Við þökkum Deano fyrir hans góðu störf í þágu félagsins.

Í september var Jón Þór Hauksson ráðinn yfirþjálfari yngri flokka félagsins. Hlutirnir æluðust svo þannig í október að Jón Þór var einnig ráðinn sem aðstoðarþjálfari m.fl. karla, bæði vegna þess að Gunnlaugur óskaði eftir því en einnig vegna hagræðingar í rekstri.

Ofan á þessar miklu breytingar hjá félaginu í sumar sagði Þórður Guðjónsson einnig upp störfum sem framkvæmdarstjóri félagsins en hafði hann sinnt því starfi í ein 6 ár. Þórði er þakkað fyrir sinn tíma hjá félaginu, bæði sem leikmanni og starfsmanni. Haraldur Ingólfsson var ráðinn í starf framkvæmdarstjóra og telur stjórnin rekstur félagsins vera í góðum höndum hjá Haraldi.

Meistaraflokkur kvenna stóð sig gríðarlega vel á tímabilinu og náði liðið þeim frábæra árangri að komast upp um deild og munu þær spila í Pepsi deild á tímabilinu 2014. Þrátt fyrir frábært gengi voru einnig þjálfaraskipti hjá meistaraflokki kvenna, stjórn félagsins komst að samkomulagi við Elvar Grétarsson um starfslok í mars 2013. Magnea Guðlaugsdóttir tók við liðinu og skilaði glæsilegum árangri.

Umtalsvert tap varð á rekstri félagsins á árinu 2013 og spila þar inn í tíð þjálfaraskipti, leikmannakaup og lélegt gengi mfl. kk. þar sem miðasala var langt undir væntingum líkt og gengi liðsins. Ýmsir kostnaðarliðir fóru fram úr áætlun og verður gert grein fyrir þeim í yfirferð um uppgjör félagsins fyrir árið 2013.

Þrátt fyrir afkomu ársins er félagið eftir sem áður skuldaust og mun nú taka við tímabil þar sem reynt verður að byggja upp lið sem verður samkeppnishæft í Pepsi deild karla og halda mfl. kvk. í deild þeirra bestu.

Það liggur fyrir að mikil endurnýjun verður á fólki í stjórn og nefndum félagsins. Fyrir hönd KFÍA vil ég þakka þeim sem nú ganga frá borði kærlega fyrir óeigingjörn störf í þágu félagsins. Jafnframt mun formaður segja skilið við stjórnarstörf hjá félaginu.

Sigmundi Ámundasyni þakkað sérstaklega fyrir sín störf, en hann hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2001 og unnið gott starf.

Það er mikilvægt á þessum tímamarki að sýna yfirvegum og halda áfram að bæta starf og rekstur KFÍA, meistaraflokkar félagsins eru í frábærum höndum og framtíðin er björt.

Stjórnir félagsins á árinu 2013

Stjórn Knattspyrnufélags ÍA: Ingi F. Eiríksson, formaður, Bjarnheiður Hallsdóttir, varaformaður, Sigmundur Ámundason, gjaldkeri, Stefán Orri Ólafsson, Rakel Óskarsdóttir, meðstjórnandi, Örn Gunnarsson, formaður afrekssviðs, Berglind Þráinsdóttir, formaður uppeldissviðs, Hróðmar Halldórsson – varamaður og Ágústa Friðriksdóttir, varamaður

Stjórn KFÍA fundaði 14 sinnum á árinu 2013. Sjálfboðastörf stjórnarmanna voru einnig umtalsverð, svo sem í kringum helstu viðburði félagsins og uppsetningu á skiltum á keppnisvelli.

Stjórn Afrekssviðs: Örn Gunnarsson, formaður, Margrét Ákadóttir, Hafsteinn Gunnarsson, Katla Hallsdóttir, Theodór Freyr Hvarfsson. Varamenn: Steindóra Steinsdóttir og Sigurður Sigursteinsson - varamaður

Stjórn Uppeldissviðs: Berglind Þráinsdóttir, formaður, Lárus Ársælsson, Sigríður Þorsteinsdóttir, Ólafur Ingi Guðmundsson, Guðráður Sigurðsson. Varamenn: Arnbjörg Stefánsdóttir og Bjarki Pétursson.

Kjörnefnd var skipuð þeim Haraldi Ingólfssyni, Jóhönnu Hallsdóttur og Steinari Adolffssyni. Gísli Gíslason tók sæti Haraldar, þegar Haraldur tók við framkvæmdastjórastöðu félagsins.

Framkvæmdastjóri félagsins er Haraldur Ingólfsson og skrifstofustjóri er Rakel Jóhannsdóttir.

Fjölmarginir félagsmenn sinntu sjálfboðaliðastarfi fyrir félagið og er þeim þakkað kærlega fyrir sitt framlag.

Norðurálmótið

Dagana 21. – 23. júní var Norðurálmótið haldið, en það er fyrir leikmenn 7. flokks karla. Mikill fjöldi liða og þátttakenda var skráður til leiks eða 144 lið frá 27 félögum skipuð 7 og 8 ára strákum. Einnig voru gestalið frá ÍA en það voru stelpurnar í 6. og 7. flokki. Móttjórn var í höndum uppeldissviðs, sem voru dyggilega studd af skrifstofu félagsins, foreldrum, aðalstjórn og afrekssviði. Mótið gekk vel þrátt fyrir að yfirþjálfari félagsins hefði hætt nokkrum dögum fyrir mót og finna hefði þurft aðra til að taka að sér hans verk. Fjórtán verkstjórar voru yfir hinum ýmsu verkssviðum, en heildarfjöldi sjálfboðaliða sem störfuðu á mótinu er áætlaður vel rúmlega 600 manns. Piltunum fylgir að jafnaði mikill fjöldi foreldra, systkina og aðstandenda, sem með veru sinni hér á Akranesi setja mikinn svip á bæjarlífið. Til að mynda gistu um 1200 manns á tjaldsvæðum mótsins, sem náðu allt frá Víðigrund inn að Skógræktinni, ásamt því að keppnismennirnir, liðsstjórar og foreldrar gistu í skólum bæjarins, þ.e. Brekkubæjarskóla, FVA og Grundaskóla.

Norðurálmótið er gríðarlega mikilvægur hlekkur í fjáröflun félagsins en einnig hefur þetta mót gríðarlega



mikið að segja fyrir verslun og þjónustu á Akranesi og því mikilvægt að vandað sé til verks og að gott samstarf sé milli allra aðila. Að margra mati er mótið albesta og jákvæðasta kynning sem Akranes fær á ári hverju.

Samantekt yngri flokka

2. flokkur kvenna stóð sig mjög vel síðasta sumar. Stelpurnar enduðu í 4. sæti A-riðils og komust alla leið í úrslit í bikarkeppninni þar sem þær töpuðu naumlega. Þjálfari liðsins er Magnea Guðlaugsdóttir.

2. flokkur karla stóð sig ágætlega á síðasta tímabili. Strákarnir enduðu í 7. sæti A riðils og B liðið endaði í 5. sæti í sínum riðli. Strákarnir komust svo alla leið í undanúrslit í bikarkeppninni. Þjálfari liðsins er Kristinn Guðbrandsson.

3. flokkur kvenna stóð sig vel í fyrra. Stelpurnar enduðu í 4. sæti B riðils og áttu marga góða leiki. Þjálfari liðsins er Þorsteinn Gíslason.

3. flokkur karla stóð sig með prýði á liðnu ári. Strákarnir enduðu í 4. sæti B-riðils og áttu fína leiki. B liðið í flokknunum stóð sig einnig vel og endaði í 5. sæti í sínum riðli. Þjálfari liðsins er Lúðvík Gunnarsson.

4. flokkur kvenna var með ágætan árangur á síðasta tímabili. Þær enduðu í 8. sæti A-riðils og sýndu á köflum góða spilamennsku. B liðið endaði í 5. sæti í sínum riðli. Þjálfarar liðsins eru Elísa Elvarsdóttir og Ágúst Hrnannar Valsson.

4. flokkur karla var með viðunandi árangur síðasta sumar. Þeir enduðu í 9. sæti A-riðils og áttu nokkra góða leiki. B liðinu gekk betur og endaði í 4. sæti í sínum riðli. C liðið endaði svo í 8. sæti í sínum riðli. Þjálfari liðsins er Kári Steinn Reynisson.

5. flokkur kvenna stóð sig virkilega vel á síðasta tímabili. Þær enduðu í 2. sæti í B-riðli og komust upp í A-riðil á nýjan leik. Stelpurnar spiluðu oft á tíðum frábæran bolta. B liðið stóð sig einnig virkilega vel og endaði í 1. sæti í sínum riðli. C liðið endaði einnig í 1. sæti í sínum riðli. Öll liðin komust í úrslitakeppnina og C liðið endaði í öðru sæti í baráttu um Íslandsmeistaratitilinn. Þjálfari liðsins er Halldóra Gylfadóttir.

5. flokkur karla stóð sig mjög vel í fyrra. Þeir enduðu í 2. sæti í A-riðli og fóru þar með upp í B-riðil. Strákarnir spiluðu virkilega góðan bolta. B liðið stóð sig mjög vel og endaði í 2. sæti í sínum riðli. C liðið stóð sig frábærlega og endaði í 1. sæti í sínum riðli. Að lokum stóð D liðið sig virkilega vel og endaði í 2. sæti í sínum riðli. Öll liðin komust í úrslitakeppnina og C liðið spilaði til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn sem þeir töpuðu naumlega. Þjálfari liðsins er Hjálmur Dór Hjálmsón.

Fyrir utan Íslandsmótið tóku yngri flokkarnir þátt í fjölda annarra minni móta. Árangur þeirra var ávallt með ágætum og krakkarnir lögðu sig fram og gerðu sitt allra besta. Við viljum nota tækifærið og þakka þeim fyrir frábært samstarf og góða ástundun.



Akranesvöllur og æfingasvæði

Ráðist var í endurbætur á æfingasvæði og aðalvelli í samstarfi við Akraneskaupstað, Þrótt ehf, Grastec ehf og KSÍ. Suðurvöllur á æfingasvæði var endurnýjaður og aðalvöllur var lagfærður stúkumegin, þ.e. byggt undir hann um 25 cm og síðan og tyrft yfir hlaupabrutina og út að auglýsingaskiltum. Ráðast þarf í endurbætur á vellinum þeim megin sem grasvallarnir eru, en það verður að bíða betri tíma en þó þarf félagið að huga að þessum málum sem fyrst, enda hefur KFÍÁ ítrekað fengið ábendingar frá eftirlitsmönnum KSÍ um að byggja þurfi undir völinn þeim megin líka.

Heimasíðan og Facebook

Heimasíða félagsins kfi.is er virkur miðill sem í tengslum við fésbókarsíðu félagsins nær til nokkur þúsund einstaklinga á hverjum degi, allt árið um kring. Félagið vinnur að nýrri heimasíðu sem komin er langt á veg og áætlað að opna vorið 2014, en ný heimasíða mun ná að koma sögu félagsins betur til skila og varðveita hana, ásamt því að mun einfaldara veður að meðhöndla allt efni inná síðunni. Félagið á einstaka sögu að baki og er það heppið að hún sé öll skráð, en heiðursfélagarnir Helgi Daníelsson og Jón Gunnlaugsson hafa haft veg og vanda í gegnum áratugina að halda utan um heimildarskráningu.

Minningarsjóður – fræðslumál

Minningarsjóður Knattspyrnufélags ÍA hefur verið starfræktur frá haustdögum 2011 og var grunnurinn að honum lagður af börnum og ekkju Sigurðar Ingimundarsonar, sem lést á á árinu 2011, en hann var öflugur stuðningsmaður knattspyrnunnar á Akranesi.

Einstaklingum og fyrirtækjum er gert kleift að leggja inn fjárframlag í sjóðinn til minningar um leikmenn eða stuðningsfólk félagsins. Sjóðurinn er sjálfstætt starfandi sjóður óháður öðrum rekstri félagsins. Í annari grein starfsreglna segir að hlutverk sjóðsins sé að styrkja sérstök verkefni Knattspyrnufélags ÍA í tengslum við fræðslu iðkenda og eða þjálfara. Stjórn KFÍÁ er jafnframt stjórn sjóðsins og tekur ákvarðanir um framlög til verkefna. Þegar hafa borist góð framlög í sjóðinn. (Uppgjör ársins er aftan við skýringar ársreiknings).

Knattspyrnufélagið Kári

Knattspyrnufélagið Kári hóf félagsstarf sitt þriðja árið í röð á árinu 2013, en félagið náði þeim frábæra árangri árið 2012 að komast upp í nýja 3.deild og verða þar með fyrsta knattspyrnuliðið á Akranesi utan KFÍA til að spila ofar en í neðstu deild. Það var því ljóst að liðið myndi spila við mörg mjög sterk lið á árinu og mikið um ferðalög þar sem mótherjarnir voru margir hverjir langt frá Akranesi. Félagið ákvað að endurnýja samning sinn við þjálfara liðsins Valdimar Kristmunds Sigurðsson enda náði hann þeim frábæra árangri að ná liðinu upp úr neðstu deild. Káramenn tóku þátt í 3 mótum á vegum KSÍ á árinu, en þeir tóku þátt í Lengjubikarnum B-deild, Bikarkeppni KSÍ og Íslandsmóti 3.deildar. Rekstur félagsins gekk vel og flestir þeir styrktaraðilar sem studdu Kára á síðasta ári voru áfram með okkur, ásamt því að nokkrir nýjir bættust við. Landsbankinn hélt áfram sem aðalstyrktaraðili Kára og Káramenn ákváðu að halda áfram að styrkja hið góða starf Fjöliðjunnar í gegnum Landsbankann, en á keppnisbúningum félagsins prýðir merki samtaka um vinnu og verkþjálfun, en Fjöliðjan er þar sambandsaðili og eru Káramenn mjög stoltir af því að styðja Fjöliðjuna með þessum hætti. Mikil aukning á ferðakostnaði varð til vegna veru liðsins í þessari nýju landsbyggðardeild en til að brúa þann kostnað ákváðu Káramenn að efna til happdrættis og tóku bæjarbúar Káramönnum opnum örmum og gekk sala þess framar vonum. Káramenn skiluðu í lok árs afgangi þrátt fyrir mikla aukningu í ferðakostnaði.

Leikmannahópur Kára breyttist þó nokkuð frá árinu á undan og á undirbúningstímabilinu voru nokkrir nýjir sem bættust við í hópinn, að auki mættu margir til að prófa æfingar hjá Kára. Káramenn styrktu sig aðeins fyrir sumarið með aðstoð frá Knattspyrnufélagi ÍA, en markvörðurinn Gunnar Geir Gunnlaugsson kom að láni fyrir tímabilið og Gylfi Veigar Gylfason kom að láni undir lok tímabils. Felix Hjálmarsson kom svo að láni frá Fjölni um miðjan júlí. Káramenn misstu svo tvo sterka leikmenn til Noregs á vormánuðum, en Ragnar Már Viktorsson og Viktor Ýmir Elíasson ákváðu að spreya sig með norska liðinu Blindheim IL. Alls tóku um 35 manns þátt í leikjum liðsins á árinu. Æfingar félagsins voru haldnar 3-4 sinnum í viku frá janúar fram á haust og var það fyrir utan leiki sem voru yfirleitt um 1 leikur á viku.

Árangur liðsins var undir væntingum á árinu, en liðið var bæði í deildarbikar og á Íslandsmóti að spila í fyrsta sinn í deildum fyrir ofan neðstu deild og þar af leiðandi var róðurinn þyngri en nokkrum sinnum fyrr. Káramönnum var boðið að taka sæti í B-deild Lengjubikarsins eða í næst efstu deild, en þar mætti liðið einungis liðum úr 2.deild og þar með talið liðum sem höfðu fallið úr 1.deild árið á undan, það var því ljóst að róðurinn yrði þungur gegn þessum sterku liðum. Káramenn enduðu í neðsta sæti í sínum riðli Lengjubikarsins með ekkert stig þrátt fyrir ágætis spretti á köflum. Káramenn

féllu úr leik í bikarkeppni KSÍ, Borgunarbikarnum í fyrstu umferð á útivelli gegn liði Augnabliks. Káramenn hófu leik sinn á Íslandsmóti 3.deildar afar illa, en liðið tapaði fyrstu 6 leikjum sínum og var í vægast sagt vondum málum. Það var ekki fyrr en 29.júní sem fyrsti sigurleikur Káramanna leit dagsins ljós en það var góður útisigur gegn Magna frá Grenivík 1-2, en í kjölfarið komu góðir sigrar á

Grundarfirði og KFR og var allt annað að sjá til Káraliðsins en frá því fyrr um sumarið. Eftir þennan fína endasprett á fyrri umferð voru Káramenn loksins komnir upp úr fallsæti í fyrsta sinn. Seinni umferð fór álfka illa af stað og sú fyrri og töpuðu Káramenn fyrstu 4 leikjum sínum, en í þetta sinn voru Káramenn oft á tíð ansi óheppnir að fá ekki einhver stig úr þeim leikjum. Ljóst var að róðurinn yrði ansi þungur það sem eftir lifði móts og áttu Káramenn mjög erfiða leiki framundan, útileik gegn Víði Garði sem var þá í 3.sæti og svo heimaleik gegn toppliði Fjarðabyggðar. Káramenn voru ákveðnir í að fara á fullu í þessa leiki og svo fór að liðið burstaði Víði á útivelli 2-5 í frábærum leik. Líklega voru ekki margir vongóðir fyrir leik Kára gegn gríðarlega sterku liði Fjarðabyggðar, en Káramenn komu mjög grimmir til leiks og var engan veginn hægt að sjá að þarna væru að mætast topplið og botnlið 3.deildar því Káramenn spiluðu frábæran fótbolta og komust þeir í 3-0 áður en Fjarðabyggð náði að minnka munin í 3-1 og líklega óvæntustu úrslit deildarinnar að veruleika. Káramenn voru samt sem áður áfram í botnbaráttu og þurfti margt að ganga upp til að koma í veg fyrir fall úr deildinni, en tvö jafntefli gegn Magna og Grundarfirði í leikjunum á eftir ásamt mjög óhagstæðum úrslitum úr öðrum leikjum gerðu endanlega út um vonir Káramanna að halda sæti sínu í deildinni og svo fór að liðið féll. Þrátt fyrir botnsæti að þá voru Káramenn aðeins 7 stigum frá 4.sæti deildarinnar og sýnir það hversu gríðarlega jöfn þessi deild var og hefði verið gaman að sjá hvernig liðinu hefði gengið ef að hefði mætt til leiks í sama standi og undir lok tímabils. Markmið liðsins um að halda sæti sínu í deildinni féll því, en þrátt fyrir það að þá var þetta besti árangur knattspyrnuliðs utan KFÍA á Akranesi frá upphafi og mjög greinilegt að lítil bætting hefði getað komið liðinu á allt annan stað í deildinni en raun varð á og er þetta góð reynsla í farteskið fyrir framtíð félagsins.

Á lokahófi félagsins sem fór fram um áramótin fóru Káramenn yfir árið og kusu sér besta og efnilegasta leikmann félagsins. Leikmaður ársins var kosinn á hófinu, en það var hinn knái Almar Björn Viðarsson sem hlaut þá nafnbót, en hann átti fínt tímabil persónulega og spilaði



hann alla 18 leiki liðsins á Íslandsmóttinu og skoraði í þeim 1 mark, en hann spilaði nánast allar stöður á velliðum enda ákaflega fjölbæfur og kraftmikill leikmaður. Káramenn kusu sér einnig efnilegasta leikmanninn, en fyrir valinu að þessu sinni varð Sigurjón Guðmundsson, hann spilaði 15 leiki og skoraði 1 mark, hann spilaði ýmist á miðju eða úti á kanti, en Sigurjón er virkilega duglegur leikmaður og gaf ekkert eftir. Það var svo Gísli Freyr Brynjarsson sem varð markahæsti leikmaður Káramanna á árinu með 6 mörk í 10 leikjum.

Knattspyrnufélagið Kári er opið öllum þeim sem vilja æfa og spila fótbolta af krafti og er markmið okkar sem knattspyrnufélags að taka við öllum þeim sem hafa klárað sinn yngri flokka feril án þess að ná inn í sterkan hóp liðs KFÍÁ sem og annara sem hafa áhuga á að æfa og keppa í knattspyrnu á Akranesi, en margir leikmenn hafa náð langt eftir að hafa komið við í félögum á borð við Kára og er Alfreð Finnbogason líklega besta dæmið, en hann spilaði leiki með Augnablik í 3.deildinni í sama riðli og Kári árið 2007. Við teljum að með uppbyggingu félagsins getum við skapað trausta framtíð fyrir alla þá ungu leikmenn sem æfa knattspyrnu á Akranesi í dag og ef menn komast ekki að hjá ÍA að þá sé annar kostur í boði fyrir þá á Akranesi. Við viljum halda áfram að byggja liðið upp og þó svo að liðið hafi fallið úr 3.deild að þá er bara næsta markið að komast aftur upp og ná svo betri árangri þar en í ár.

Knattspyrnufélagið Kári var stofnað árið 1922 og verður upprunalega félagið því 92 ára á þessu ári og hefur endurvakning félagsins yljáð mörgum þeim sem spiluðu með félaginu á árum áður um hjartarætur og er mikill vilji meðal núverandi leikmanna Kára og fyrrverandi að halda félaginu gangandi um ókomna tíð, en til þess þarf góðan vilja, stuðning og fjármagn. Káramenn munu í sumar spila í 4.deild A-riðli og munu þeir þar mæta liðum af ýmsum toga, en það er klárt mál að Káramenn ættu að geta verið með lið sem væri í baráttu um toppsætið í riðlinum, það þarf samt sem áður góðan og duglegan mannskap til þess. Káramenn hafa þrátt fyrir fall síðasta sumar sýnt að það býr mikið í þessu liði ef allir standa saman og eru klárir í verkefnið og sigrar á liðum eins og Víði Garði og Fjarðabyggð sem eru með nokkra tugi milljóna í rekstrinum hjá sér á móti þeim tæpu 2 milljónum sem Káramenn hafa haft gefa manni mikla von um að hér sé hægt að gera miklu betur. Við viljum enda á því að þakka þeim stuðningsmönnum sem mættu á leiki okkar í sumar. Einnig viljum við þakka öllum þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa lagt okkur lið með að halda Knattspyrnufélaginu Kára gangandi.

Núverandi stjórn Kára: Sveinbjörn Geir Hlöðversson, formaður, Ingimar Ólafsson, varaformaður, Valdimar Kristmunds Sigurðsson, gjaldkeri, Ólafur Sævarsson, ritari, Leó Daðason, meðstjórnandi, Eyþór Ólafur Frímansson, varamaður, Guðmundur Dagur Jóhannsson, varamaður

Kraftlyftingafélag Akraness

Aðalfundur félagsins fór fram í íþróttahúsinu við Vestugötu miðvikudaginn 3. apríl 2013.

Á fundinum var fyrri stjórn endurkjörin: Kári Rafn Karlsson, formaður, Arnar Helgason, gjaldkeri, Lára Bogey Finnbogadóttir, ritari, Heimir Björgvinsson og Hermann Hermannsson, meðstjórnendur. Sturlaugur Agnar Gunnarsson og Unnar Valgarð Jónsson, varamenn

Þriðja árið í röð hefur Kraftlyftingafélag Akraness valið Einar Örn Guðnason sem kraftlyftingamann Akraness 2013 og tilnefnið því hann sem íþróttamann Akraness 2013. Einar Örn hefur verið duglegur að keppa á árinu en hann tók þátt á samtals sex mótum. Fyrst var það Íslandsmeistaramótið í bekkpressu í janúar þar sem hann lenti í öðru sæti í -105 kg flokki með 230,5 kg sem var nýtt unglingamet. Rétt rúmum mánuði síðar hafði keppt hann á norðurlandamóti unglinga þar sem hann lyfti 282,5 kg í hnébeygju, 215 kg í bekkpressu og 255 kg í réttstöðulyftu, samtals 752,5 kg sem dugði honum í fjórða sæti í sama flokki. Öðrum mánuði seinna var komið að Íslandsmeistaramóttinu í kraftlyftingum og þá hafði Einar létt sig niður í -93 kg flokk á undraverðum tíma.

Léttinging hafði því miður ekki tilætlaðan árangur því Einar féll úr keppni eftir að hafa mistekist að fá gilda lyftu í bekkpressu. Í maí fór svo fram Íslandsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum en þar er keppt án keppnisbúnaðar eða á kjötinu eins og það er kallað. Einar varð Íslandsmeistari í -93 kg flokki og lyfti þar 230 kg í hnébeygju, 152,5 kg í bekkpressu og 230 kg í réttstöðulyftu, samtals 612,5 kg. Þar að auki varð hann þriðji í stigakeppni karla óháð þyngdarflokki. Á Íslandsmeistaramóttinu í réttstöðulyftu hafnaði Einar í 2. sæti í -90 kg flokk með 260 kg. Síðasta mót ársins, bikarmótið í kraftlyftingum, fór fram í lok nóvember en þar endurtók sagan sig því miður frá Íslandsmeistaramóttinu í mars þar sem Einar féll út í bekkpressunni. Hann lyfti þó 270,5 kg í hnébeygju og 265 kg í réttstöðulyftu en hnébeygjan hefði verið Íslandsmet í unglinga- og opnum flokk. Eftir árið situr Einar í 8. sæti stigalistans yfir allt landið, óháð þyngdar flokk, aldri eða kyni en á listanum eru 87 manns.



Körfuknattleiksfélag Akraness

Stjórn Körfuknattleiksfélags Akraness: Hannibal Hauks-son, formaður, Ómar Helgason, gjaldkeri, Guðmundur Ó Kristjánsson, ritari, Birkir Guðjónsson, Rúnar Freyr Ágústsson, Örn Arnarson, Daníel Ivan Folkman Andersen og Sigurður Sigurðsson meðstjórnendur.

Leiktíðina 2013 / 2014 voru menn staðráðnir í að standa sig betur en árið áður. Leikmannahópurinn var nánast óbreyttur að undanskildu að Hörð Nikulásson ákvað að fara til Þýskalands að ganga menntavegin og Þorleifur Baldvinsson hélt á vit ævintýrana á Höfn í Hornafirði. Áskell Jónsson var ráðinn þjálfari liðsins samhliða því að leika með liðinu. Í lok september var samið við bandaríska körfuknattleiksmanninn Roderick Wilmont um að leika með félaginu á komandi leiktíð. Þegar til kastanna kom þá sá Roderick þessi sér ekki fært að mæta á Skagann. Í byrjun október fréttist að Snæfell ætlaði að láta frá sér sinn erlenda leikmann og þar sem Akranes er í leiðinni á milli Stykkishólms og Keflavíkurflugvallar var kjörið að fá hann á æfingu hjá ÍA. Kappinn heitir Zachary Jamarco Warren og leit hann mjög vel út á þessari æfingu, og ennþá betur á annari æfingunni. Í kjölfarið var gengið frá samningi við Zachary um að hann léki með liðinu á komandi leiktíð.

Í september hófu yngriflokkar æfingar, en það voru 3 flokkar sem æfðu og kepptu undir merkjum körfuknattleiksfélagsins. Einnig voru æfingar hjá heldribolta höfðingjum einu sinni í viku í vetur. Þorsteinn Þórarinnsson var þjálfari 9. og 10. flokks, Jóhannes Helgason þjálfaði 7. og 8. flokk og Jón Þór Þórðarson var svo með minnibolta fyrir krakka í 1. – 6. bekk og léku þau sína fyrstu leiki þegar farið var á mót bæði í Borgarnesi, Hafnarfirði. Minniboltinn fór líka á hið stóra Nettómót sem haldið var í Reykjanesbæ í byrjun mars og stóð sig þar með mikilli þryði.

Keppnistímabil meistarflokks hófst mjög vel og unnust 3 fyrstu leikirnir. Liðið tapaði svo naumlega fyrir Þór Akureyri en vann Hött frá Egilsstöðum á ævintýranlegan hátt 111 – 109 eftir framlengdan leik. Í nóvember lék liðið við Fjölnir úr Grafarvogi í 32ja liða úrslitum Powerade bikarsins í bragganum á Jaðarsbökkum. Leikurinn fór vel af stað og jafnræði var með liðunum en við heimamenn leiddum með fimm stigum í hálfelik 50-45. Gestirnir úr Grafarvogi komu tilbúnari til seinnihálfleiks en við heimamenn og lönduðu 95-103 sigri þegar upp var staðið. Í kjölfarið tapaði liðið næstu 3 leikjum í deildinni.

Um áramótin var Hörður Kristján Nikulásson útnefndur körfuknattleiksmaður ársins. Hörður lék stórt hlutverk með Körfuknattleikslíði ÍA á síðustu leiktíð. Hann lék alls 19 leiki fyrir ÍA í deild og bikar og skoraði í þeim 287 stig auk þess tók hann 77 fráköst og gaf 40 stoðsendingar. Hörður átti stóran þátt í því að liðið hélt sæti sínu í deildinni og lék sína þriðju leiktíð í röð í 1. deildinni.

Í janúar varð liðið fyrir mikilli blóðtöku þegar það kom í ljós að Erlendur Ottesen, einnig þekktur sem Elli Ott yrdi frá það sem eftir væri tímabilsins vegna meiðsla. Elli meiddist á fingri í 1. leikhluta á móti FSu í desember en harkaði af sér og kláraði leikinn eins og sannur sveitamað-



ur. Í byrjun nýs árs kom í ljós að Elli hafi fingurbrotnað frekar illa í umræddum leik og fór í aðgerð í janúar þar sem setja þurfti tvo nagla í brotna fingurinn.

Það var því ljóst að það þurfti að styrkja hópinn í janúar glugganum í ljósi meiðsla. Birkir Guðlaugsson gekk til liðs við ÍA frá Augnablik en Birkir á meðal annar bikarmeistaratitil að baki með Stjörnunni þannig að þarna var kominn leikmaður sem hafði þekkingu af störfum í reynslubankanum. Einnig kom Þorleifur til baka frá Hornafirði með fulla ferðatösku af baráttu sem hann tók með sér í leikina sem eftir voru af tímabilinu.

Þegar uppi var staðið endaði liðið í 8. sæti með 12 stig og það sem stendur uppúr er að liðið spilaði einn skemmtilegasta sóknarboltann í deildinni og sáust 100+ stiga leikir oftast en ekki. Hæsta skor eins leikmanns í einum leik í vetur voru 62 stig frá listamanninum Jamarco og 3ja stiga skot voru eitt beittasta vopnið í keppnisbúrinu og vonandi skemmtu áhorfendur sér vel á leikjum okkar. Þannig að á heildina litið verður árangurinn að teljast viðunandi í ljósi þeirra miklu meiðsla sem hrjáðu lykilmenn liðsins þrátt fyrir að það sé ekkert leyndarmál að markmiðin voru hærri innan hópains fyrir tímabil. En niðurstaðan er að við erum að fara í okkar fjórða tímabil í röð í 1. deild sem er fínasti grunnur til að byggja á.

Það er ljóst að einhverjar breytingar verða innan sem utan vallar fyrir næsta tímabil. Það er t.d. orðið ljóst að Hannibal Hauksson mun af persónulegum ástæðum hætta sem formaður eftir að hafa gengt því starfi síðan 2011. Nýr formaður verður kynntur á næstunni en að sögn Hannibals býður viðkomandi aðila gríðarlega skemmtilegt starf.

Á nýliðnu tímabili hefur Körfuknattleiksfélag Akranes staðið fyrir fjölmörgum fjáröflunum, nokkrum gömlum og góðum, auk þess sem nýjungar eins og Basket-ball, opið körfuboltamót og happadrætti litu dagsins ljós, sem og að rykið var dustað af Hvalfjarðardriplinu. Kunnum við þeim sem sáu sér fært að styrkja okkur bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Það eru spennandi tímar í körfunni núna, yngriflokkarnir eru hægt og rólega að stækka sem er glæsilegt, kvennaflokkur er að fara af stað sem er mjög gott og vonandi náum við að stilla upp enn sterkari meistaraflokki í 1. deild.

Skotfélag Akraness

Á síðasta aðalfundi voru eftirtaldir kjörnir í stjórn Skotfélags Akraness

Jón S. Ólason, formaður, Óskar Arnórsson, gjaldkeri, Bjarki Óskarsson, ritari, Stefán Gísli Örlýgsson, meðstjórnandi og Elías M. Kristjánsson, varamaður.

Óhætt er að segja að starf félagsins hafi að meira og minna leiti snúist um framkvæmdir á skotvælinum. Í byrjun árs fékk félagið fyrstu milljónina af þremur greidda frá Akraneskaupsstað. Félagið gerði um áramótin 2012-2013 framkvæmdasamning við Akraneskaupsstað sem felur í sér að félagið fær í framkvæmdastyrk frá bænum eina milljón á ári í þrjú ár. Þriggja ára framkvæmdaáætlun var gerð sem miðar að því að koma upp sómasamlegri aðstöðu á skotvælinum. Framkvæmdir ganga vel og eru ef eitthvað er á undan áætlun. Búið er að koma upp nýrri félagsaðstöðu og hreinlætisaðstaða er rétt að verða tilbúin. Þessa dagana er verið að klára að jafna og slétta land, laga skeetvöllinn og ganga frá undirbyggingu fyrir trapvélinu. Smíði á palli í kring um húsinn er hafin og fyrir liggur að tyrfa svæðið nú í vor ásamt því að bæta við trjágróðri til skjóls. Reynir í þessum verkefnum á að félagsmenn fjölmenni til vinnu en öll framkvæmdaáætlunin byggð á því að ná sem allra bestri aðstöðu fyrir þá peninga sem við höfum úr að spila og þá með því móti að leggja fram vinnu, sníkja og gráta út mestu mögulega afslætti á efni. Haglabyssuaðstaðan er langt á veg komin og fyrir liggur að hefja framkvæmdir við ríffilvöll.

Stefán Gísli Örlýgsson hefur haldið utan um framkvæmdirnar og verið óþreytandi við að halda verkefninu gangandi. Það er ljóst að verkefnið væri mun skemmra á veg komið ef við nytum ekki óeigingjarns framlags hans.

Loftbyssusalurinn á Vesturgötunni var ágætlega nýttur á árinu. Þar þarf hinsvegar að gera átak í að ná til fleiri iðkenda. Nýliðun hefur verið of lítil og einhverjir hafa gengið úr skaftinu. Aðstaðan sem við höfum er góð þó lítil sé og búnaður til fyrir þá sem vilja prófa þessa íþrótt.

Loftbyssufólk tók að venju þátt í sænsku póstmóti. Þrjú lið keppt fyrir hönd SKA að þessu sinni

Hið árlega Akranesmót í loftskammbyssu og loftríffli fór fram 15. maí og mættu 22 keppendur til leiks að þessu sinni. Akranesmeistarar árið 2013 urðu í loftskammbyssu þau Jón S. Ólason í karlaflokki og Berglind Björgvinsdóttir í kvennaflokki. Guðmundur Sigurðsson er Akranesmeistari í loftríffli.

Ásgeir Sigurgeirsson úr skotfélag Reykjavíkur sigraði karlamótið í loftbyssu og Jórunn Harðardóttir kvennamótið. Guðmundur Helgi Christensen sigraði ríffilkeppnina í karlaflokki og Jórunn Harðardóttir í kvennaflokki

Breytingar verða á framkvæmd mótsins í ár en ákveðið var í vetur að ganga til samstarfs við Skotfélag Vesturlands



um mótahaldið. Heitir það Vesturlandsmótið hér eftir. 10 brauta aðstaða er rétt að verða klár í Borgarnesi og þótti gráupplagt að nýta þá aðstöðu og losa félagsmenn undan tveggja sólarhringa vinnu við að setja upp og taka niður keppnisvöll.

Hæfnispróf fyrir hreindýraveiðimenn voru haldin á vegum félagsins á árinu. All voru haldin 43 próf og segir það sig nokkuð sjálft að það voru ekki allt Skagamenn. Þarna er góð tekjulind fyrir félagið en við eigum 4.000 kr af prófgjaldinu fyrir hvert próf.

Villibráðakvöldið var að venju haldið í nóvember en þátttaka var heldur lítil að þessu sinni. Hugmyndir eru uppi um breytt fyrirkomlag á þessum viðburði næsta vetur.

Að þessu sinni var skotíþróttamaður Akraness ekki tilnefndur.

Sundfélag Akraness

Ný stjórn tók við í félaginu í mars 2013. Hana skipa Trausti Gylfason formaður, Siggerður Á. Sigurðardóttir gjaldkeri, Katrín Leifsdóttir ritari, Harpa Finnbogadóttir aðalbókari og Svava Guðjónsdóttir meðstjórnandi.

Yfirþjálfari SA var Kjell Wormdal og aðrir þjálfarar voru þær Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Erna Sigurðardóttir. Afleysingaþjálfari var Ágúst Júlíusson.

Árið 2013 varð Sundfélagi Akraness nokkuð gjöfult. Bárumeistarar 2013 voru Brynhildur Traustadóttir og Erlend Magnússon en mótið fór fram í janúar.

Félagið eignaðist einn Íslandsmeistara í fullorðinsflokki, Ágúst Júlíusson, sem varð Íslandsmeistari í 50 metra flugsundi. Þá unnu sundmenn félagsins til fimm verðlauna á Unglingameistaramóti Íslands sem haldið var í Hafnarfirði í júní og 15 verðlauna á Aldursflokkameistaramóti Íslands sem haldið var á Akureyri í júní þar sem liðið varð í 8. sæti stigakeppninnar en 16 sundfélög tóku þátt.

Afrekshópur Sundfélags Akraness fór æfingaferð til Þrándheims í Noregi þar sem æft var með nokkrum sundfélögum í Þrándalögum. Æfingarnar voru hluti af undirbúningi fyrir Íslandsmeistaramótið í 25 metra laug sem haldið var í nóvember.

Árlega taka sundmenn eldri en 25 ára þátt í Íslandsmóti Garpa sem að þessu sinni var haldið í Ásvallalaug í Hafnarfirði. Að venju komu sundmenn félagsins hlaðnir Íslandsmeistaratitlum til baka. Garpar tóku einnig

þátt í Norðurlandamóti Garpa sem þetta árið fram fór í Laugardalslaug og hlaut einn sundmaður Sundfélags Akraness Norðurlandatitil Garpa, fleiri Akurnesingar unnu til verðlauna.

Á Norðurlandamóti Garpa kepptu fimm sundmenn frá SA. Þrír Norðurlandameistarar Garpa, Hugi Harðarson, María Alma Valdimarsdóttir og Berglind Júlía Valdimarsdóttir.

Faxaflóasundið var þreytt að þessu sinni í allmiklu ölduróti seinni hluta ágústmánaðar. Að venju var um að ræða fjáröflunarsund fyrir elsta hópin.

Á aðventunni fór í loftið tuttugasta og fimmta útsending Útvarps Akraness. Menningarbragur þótti að dagskránni og eiga þeir lof skilið sem að henni stóðu.

Hjá Sundfélagi Akraness eru um þessar mundir um 230 iðkendur frá 3ja mánaða aldri og upp í fólk á sextugsaldri.

SA sendi þátttakendur á fjölmörg sundmót en til að gefa hugmynd um það mikla starf sem býr að baki mótunum skulu talin þau helstu sem A, B og C hópar sóttu:

RIG, 12 keppendur. Gullmót KR, 30 keppendur. 4 keppendur í Super Challenge. ÍM 50, átta sundmenn. Vormót Ármanns, 16 keppendur. Landsbankamót ÍRB, 44 keppendur. Akranesleikar, tæplega 400 keppendur á mótinu. UMÍ, Ásvallalaug, 7 keppendur. AMÍ, Akureyri, 15 keppendur. Æfingabúðir Borgarnesi, um 60 sundmenn. Sprengimót Óðins, Akureyri, 18 sundmenn. TYR-mót Ægis, 38 keppendur, Lionsmót Skallagríms, 22 sundmenn. Extra-mót SH, 14 sundmenn. Landsbankamót 10 ára og yngri, 55 sundmenn. ÍM 25, 9 sundmenn.

Á Akranesmeistaramótinu urðu stigahæst Sólrún Sigþórsdóttir og Ágúst Júlíusson. Akranesmeistarar 11-12 ára urðu Brynhildur Traustadóttir og Sindri Andreas Bjarnason. 13-14 ára Una Lára Lárusdóttir. 15 ára og eldri Birna Pétursdóttir og Ágúst Júlíusson.

Félagið veitir árlega viðurkenningar fyrir góðan árangur og að þessu sinni var sundmaður ársins valinn Ágúst Júlíusson. Efnilegasti sundmaðurinn þótti Una Lára Lárusdóttir og Laufey María Vilhelmsdóttir var valin besti félaginn.

